



Dr. juris Björn Þórðarson

Annáll 1. janúar - 31. desember 1943

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annáll – Minnisblöð – Dagbækur – 1943 – Vélritað handrit Þórðar  
Björnssonar, sonar Björns, gert á sjóunda áratugnum

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Einkaskjalasafn nr. 470  
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944  
Askja 7, Örk 2

1943.

Föstudagur 1. janúar:

Svaf ekki vel í nótt. Fór í kirkju til sr. Bjarna. Hann talaði vel og þakkaði mér við útgönguna fyrir ræðuna í gerkvöldi. Kl. 2 móttaka hjá ríkisstjóra.

Kl. 2,20 hófst móttaka míni í skrifstofu forsetisráðherra. Engar veitingar. Meðal annara komu: Forsetar þingsins, fyrrverandi ráðherrar Ólafur Thors, Jakob Möller, Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson, Stefán Jóhann Stefánsson, hæstaréttardómarar, forseti bæjarstjórnar Guðmundur Ásbjörnsson - borgarstjóri Bjarni Benediktsson ekki -, margir embættismenn og sendisveitirnar allar og margt annara. Enginn málflutningsmaður þó. Kom heim kl. 6 og var preyttur.

Litlar ~~muái~~ fregnir af myndun vinstri stjórnar. Þrír fundir hafa verið haldnir en lítið komið áleiðis. Sósialistar virðast vilja hafa forustuna um hvernig málefnsamningurinn eigi að vera.

Laugardagur 2. janúar:

Blaðamenn boðaðir og komu á fund stjórnarinnar kl. 11. Þeim afhent tilkynning, sem lesin var í útværpi og koma mun í blöðum. Þeir tóku nýbreytninni vel. - Samþykkt á ráðherrafundi að leggja fyrir þingið í næstu viku frumvarp um viðskiptaráð. Það sent sem trúnaðarmál flokkunum. Þeg sendi það til Brynjólfss Bjarnasonar sósialistaformanns.

Sunnudagur 3. janúar:

Vilhjálmur Þór las fyrir mér í síma meginkafla ræðu, sem hann heldur í útvarpi. Ræðan góð og vel flutt. Þörf hnipping í togaraeigendur. Jóhann Sæmundsson kom og las fyrir mér ræðu, sem hann ætlar að halda á morgun í útvarp. Ræðan ágæt.

Þjóðviljinn segir í forystugrein í dag: að nýjársyfirlýsingar ríkisstjóra og forsætisráðherra voru meðal annars eftirtektarverðar fyrir þá ákveðnu afstöðu, sem báðir þessir æðstu fulltrúar þjóðarinnar tóku í utanríkismálum Íslands. Forsætisráðherra tók þá eindregnustu afstöðu til striðsins, sem maður í hans stöðu enn hefur tekið á Íslandi. Hann óskaði hinum sameinuðu þjóðum sigurs í því striði fyrir þjóðfrelsi og mannréttindum, er þær nú heyja. Þetta er réttur skilningur.

Mánudagur 4. janúar:

Al-  
Pingfundur í sameinuðu/bingi. Skammir - spillt vinnutíma - niðurdrep .

Jóhann Sæmundsson talaði í útvarp frábærlega vel.

Priðjudagur 5. janúar:

Gísli Jónsson gerði fyrirspurn utan dagskrár til dómsmálaráðherra og atvinnumálaráðherra, einkum hins síðarnefnda, út af árás á togaraeigendur í útvarpsræðum þeirra. Peir svörnuðu.

Frumvarpið um viðskiptaráðið til fyrstu umræðu í Neðri deild. Flokkarnir vilja eindregið ráða skipun Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manna í ráðið. Nú reynir fyrst verulega á þolrif stjórnarinnar. Er hún nógu einbeitt gegn flokka-valdinu, Sjálfstæðinu og Framsókn? .

Björn Ólafsson hélt sína útværpsræðu. Hún var góð. Þá hafa allir ráðherrarnir talað.

#### Miðvikudagur 6. janúar:

Nokkrir sjálfstæðismenn telja að ríkisstjóri hafi farið út fyrir línum í umtali um alþjóðalög-gæzlu. Bjarna Benediktssyni fannst það. Stefán Jóhann Stefánsson vill endilega fá Kjartan Ólafsson í viðskiptamannahánum. Æg sagði ekki neitt. Æg, Jóhann og Einar viljum að stjórnin skipi alla menn ráðsins hömlulaust. Vilhjálmur vill raunar sama en spurning er hvort hann og Björn Ólafsson geta unnið flokksmenn sína til þess. Þetta verður mikil raun fyrir stjórnina. Gott væri að standast hana. Það væri sigur. Þingið er ekki við því búið að skipa stjórn núna.

#### Fimmtudagur 7. janúar:

Alþýðuflokkurinn pressar á um að fá Kjartan Ólafsson í viðskiptaráð. - Ameríkanar vilja fá minnkaða oliuflutningana. Frá íslenzkri hlið talið nægja 30.000 tonn oliu og benzín, en auk þess öll ökutæki í þarfir hersins, sem Ameríkanar sjái um, að fái eldsneyti.

Föstudagur 8. janúar:

Kl. 11 - 11,45 hjá ríkisstjóra eftir ósk hans. Hann spyr mig um "leyndarskjalasafnið", sem ég veit ekki um. Biður mig að grennslast um það, m.a. bréf til rex og svör út af því. Sveinn Björnsson var í London í desember 1939. Þar talaði við hann maður frá Lord Halifax utanríkisráðherra um væntanlegar fyrirætlunar Pjóðverja viðvíkjandi Norðurlöndum. <sup>til</sup> Sveinn Björnsson veit 8. apríl 1940 hvað/stendur um hernám Danmerkur og símar - talar við Hermann.

Jónas Jónsson talar við mig inni í Efri deild um væntanlegt stjórnarskrárfrumvarp. - Þeir þæfa við okkur alla nema Einar um skipun viðskiptaráðs.

Laugardagur 9. janúar:

Stefán Þorvarðarson mun afhenda mér leyndarskjalasafnið á mánudaginn þegar hann hefur hagrött því.

Sunnudagur 10. janúar:

Tala við hagstofustjóra um vísitölureikning og síðar við Björn Ólafsson.

Ætli ég verði ekki að halda ræðu þegar stjórnarskrá lýðveldisins kemur fyrir ? Hvað á ég að verða stafffýr- ugur ?

Mánudagur 11. janúar:

Nefndarálít komið um viðskiptaráð. Breytingatillögur ekki mikilvægar.  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Las leyndarskjalasafnið eftir 17. maí 1941 þangað til í haust. Ekkert hrifinn af meðferð málsins og hvernig frá því er gengið, m.a. af sendiherra í Washington. Sendiherra U.S.A. getur ráðið hvernig túlka eigi afstöðu U.S.A. samkvæmt bréfi 14. október 1942 til Ólafs Thors. Ræða Ólafs 5. október 1942 byggð á veikum grunni um afstöðu U.S.A. og á engum um afstöðu Bretta.

Priðjudagur 12. janúar:

Í boði á Bessastöðum ásamt 17 þingmönnum. Voru þeir teknir eftir stafrófsröð og verða boðin þrjú. Þar voru Gísli Sveinsson og Viðhjálmar Þór. Fórum kl. 11,10.

Miðvikudagur 13. janúar:

Frumvarpið um viðskiptaráð afgreitt luntalega út úr Neðri deild með 18 samhljóða atkvæðum. 10 fjarstaddir en 7 greiddu ekki atkvæði.

Fimmtudagur 14. janúar:

Frumvarpið um viðskiptaráð til fyrstu umræðu í Efri deild. Þingmenn vildu ekki láta þingið velja mennina í ráðið eða að stjórnin veldi þá í samráði við þingið, þ.e. þingflokkana. Ég tók til máls og lýsti því, að stjórnin vildi ráða vali mannanna ein og bera ábyrgð á gjörðum peirra og standa eða falla á því. - Umræður um vinstri stjórn.

Föstudagur 15. janúar:

Stefán Jóhann Stefánsson sagði mér að formaður lýðveldisnefndar Gísli Sveinsson mundi vilja tala við mig eða stjórnina um gögn viðvikjandi lýðveldismálinu, sem lægju í stjórnarráðinu. - Olíumálið acut. Rætt við fjárveitinganefnd um það, Svíásíld, launahækjun embættismanna o.fl. - Horfur ekki góðar um lækkun dýrtíðar.

Laugardagur 16. janúar:

Frumvarpið um viðskiptaráð afgreitt frá pinginu.

Farið til Bessastaða kl. 4 og þar haldið ríkisráð og heim aftur kl. 5,30.

Einar Arnórsson las "leyndarskjölin" og var sammála um, að skilningur Ólafs Thors væri hæpinn og vafasamur um afstöðu U.S.A.

Sunnudagur 17. janúar:

Afhendi Vilhjálmi Þór leyndarskjalasafnið.

Tala við hann um risnufé og boð og segi honum, að ég vilji undanþiggja mig ef mögulegt sé. Hann er góður skiptis og hreinlyndur.

Mánudagur 18. janúar:

Hugleiðingar um skipun viðskiptaráðsins. Vantar aðallega einn mann. Ráðið ekki eins skemmtilegt og æskilegt hefði verið. En góðir menn fást ekki nægir.

Priðjudagur 19. janúar:

Viðskiptaráðið ekki komið á laggir enn. - Frumvarp um verðlag lagt fram í ríkisráði. Frumvarp um húsaleigu rætt í Neðri deild. Lokaður fundur í Alþingi um olíumálið. Hækjun olíu talin koma í bága við herverndarsamninginn. Flokkarnir ætla að ræða afstöðuna innbyrðis.

Miðvikudagur 20. janúar:

Viðskiptaráð útnefnt. - Ráðherrafundur um aðgerðir til þess að lækka dýrtíðina nú um mánaðamótin, helzt mjólk.

Fimmtudagur 21. janúar:

Lokaður fundur í Alþingi um olíumálið. Veitzt að stjórninni, Gísli Jónsson og Bjarni Benediktsson. Æg svara Gísla stutt en ekki sem lakast. - Verðlagsfrumvarpið lagt fram í Neðri deild. - Einar Olgeirsson ræðst á stjórnina fyrir val í viðskiptaráð. Jón Ívarsson viðskiptaráðsmaður kærður fyrir brot á lögumnum frá 16. des. 1942. Aktíur stjórnarinnar lækka. "Ill þín fyrsta ganga" segja Kommar. "Fall er fararheill" segi ég. Hvor hefur rétt ?

Föstudagur 22. janúar:

Valdimar Stefánsson skipaður rannsóknardómari í málum Jóns Ívarssonar og flýgur til Hornafjarðar. Stjórnin ekki sem bezt stödd. Almenningsálitið getur hallast fljótt. Kommar á móti stjórninni og Alþýðu-Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flokkurinn getur komið á eftir. Stjórnin verður að rétta sig við, ef unnt er til vinstri. Ef lukkast með skipun verðlagsmanna, Alþýðuflokksmanns og Komma og Klemens sem 1. varamanns í viðskiptaráð. Jóhann Sæmundsson ágætur ef honum tekst að koma þessu í kring. Bezt að lifa í voninni. Fall er fararheill.

Laugardagur 23. janúar:

Gísli Sveinsson f.h. lýðveldisnefndar kom á minn fund, Vilhjálms Þórs og Einars Arnórssonar, til þess að heimta skjöl í lýðveldismálinu, sem til eru. Honum lofað skjölum viðvíkjandi Bretum og U.S.A., en dönsku skjölum ekki að svo stöddu.

Tala við Einar Arnórsson um expropriation í olíumálinu ef þörf krefur. - Jónas Jónasson símar til míni og virðist vera mikill stjórnarvinur.

Sunnudagur 24. janúar:

Vilhjálmur Þór telur líklegt að olían hækki ekki fyrr en um mánaðamót. - Tala við alla collegana um að frekari aðgerðir í dýrtíðarmálum séu nauðsynlegar, halda verði áfram, fyrir alla muni ekkert stop. Verkalyðsfélögin og Alþýðusambandið stirð og hreyfa sig ekki.

Mánudagur 25. janúar:

Talaði við ríkisstjóra um lýðveldismálið og skjalaheimt Gísla Sveinssonar o.fl. Afhendi Gísla 8 eintök afrituð af brezku og amerísku skjölunum.

Á að fara á morgun í boð að Bessastöðum með diplomötum, generálum og aðmíralum. Guð má vita hvernig því reiðir af. Kvíði fyrir þessu.

Priðjudagur 26. janúar:

Boðið á Bessastöðum gekk ákjósanlega fyrir mig. Á aðra hlið mér sat að vísu frú sendiherra U.S.A., sem ég mælti færra við en skyldi. En hinir herrarnir munu og hafa fundið, Bonesteel og fl., að ég kaus að tala sem fæst. Fór kl. 11,15.

Miðvikudagur 27. janúar:

Nauðsyn að fresta reglulegu þingi með lögum. Það mun ekki ganga ummælalaust. - Oliumálið aftur brennandi. Það verður að kveðja olíumennina á fund.

Fimmtudagur 28. janúar:

Björn Ólafsson altaf heima og lasinn síðan 7. janúar. Það er ákaflega bagalegt. - Ég lagði fyrir frumvarp til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur, þar sem fjárlög eru ekki enn samþykkt. Það gekk viðstöðuleyst gegnum Neðri deild.

Föstudagur 29. janúar:

Kommar þæfa við aðra umræðu fjárlaga. - Vilhjálmur Þór fór að Sigtúnum til Egils Thorarensen út af lækkun mjólkur, en árangurslaust sökum mótsprynu úr pólitískri átt.

Laugardagur 30. janúar:

Olíumennirnir á fundi og svaraði stjórnin þemur spurningum þeirra. - Að minu frumkvæði var afráðið að kalla formenn flokkanna á fund út af frestun á samkomudegi hins reglulega Alþingis.

Sunnudagur 31. janúar:

Afþakka diplomataboð hjá Vilhjálmi Þór. - Enginn visitölulækkun í þessum mánuði. Aktiur stjórnarinnar standa lágt.

Mánudagur 1. febrúar:

Rætt við formenn flokkanna um þingfrestun reglulegs bings. - Kommar halda uppi málþófi við aðra umræðu fjárlaga.

Priðjudagur 2. febrúar:

Borið upp í ríkisráði frumvarp um frestun reglulegs bings til 1. október. - Skammir og málþóf við aðra umræðu fjárlaga.

Miðvikudagur 3. febrúar:

Fór að Bessastöðum með Vilhjálmi Þór vegna margvislegra umbóta þar: Fjós, þvottahús, geymsla og þurkhús. Útvarpsumræður í Alþingi.

Fimmtudagur 4. febrúar:

Bar fram í Efri deild frumvarp um frestun samkomudag bingsins 1943. Veit ekki hvort það verður samþykkt óbreytt Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudagur 5. febrúar:

A fundi ráðherra í morgun sagði ég, að nú yrði stjórnin að snúa sér af alvöru að dýrtíðarráðstöfunum sínum. Það dregist vegna lasleika Björns Ólafssonar.

Hugsa mikið um hvort ekki eigi að krefja þingið um lagahilmild fyrir 21 milj. kr., sem þátt frá því sumarið 1942 kostar í verðuppbót til bænda.

Laugardagur 6. febrúar:

Ráðherrafundur um lagahilmild fyrir 21 milj. kr. Vilhjálmur Þór skeptiskur. Málið óútkljáð.

Ráðherrafundur með lýðveldisnefnd um afritun skjalanna milli ~~Þannihugskrárinnar~~ Danmerkur og Íslands. Samþykkt að láta 4 afrit. - Jónas Jónsson virðist hafa misst mesta áhugann fyrir því að reyna að klemma stjórnarskrárfrumvarpið áfram og í gegn sem fyrst. Líklega fyrir áhrif frá Vilhjálmi Þór.

Sunnudagur 7. febrúar:

Bað Einar Arnórsson að hugsa um frumvarp um skattadómara.

Mánudagur 8. febrúar:

Fundur með ráðherrum um reglur fyrir viðskiptaráð. Ágreiningur milli Björns Ólafssonar og Vilhjálms Þór um skipting innflutningsins milli innflytjenda. Ég lagði til að þeir ræddu málið einir og jöfnuðu það sín á milli. - Fundur ráðherra um dýrtíðarfrumvarpið. Línurnar lagðar að nokkru. Annar fundur á morgun kl. 4 og Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður þá gengið frá þessu betur.

Priðjudagur 9. febrúar:

I sambandi við frestun samkomudags reglulega bingsins gaf ríkisstjórnin svohljóðandi yfirlýsingu í dag: "Ríkisstjórnin mun ekki slíta þingi meðan fyrir því liggja mál, sem meiri hluti bingsins hefur komið sér saman um, að nauðsyn beri til að afgreidd séu áður en þingslit fari fram."

Fundur með ráðherrum um dýrtíðarfrumvarpið. Dálitið áleiðis frá í gær.

Miðvikudagur 10. febrúar:

Verðlagsfrumvarpið samþykkt af þinginu. - Ráðherrar tala um dýrtíðarfrumvarpið.

Fimmtudagur 11. febrúar:

Eftir ósk aðmírál Morgan tók ég á móti honum á skrifstofu forsætisráðherra. Var adjutant með honum. Hann talaði meira en ég, og adjutantinn lagði orð í belg.

Samþykkt í Efri deild að reglulegt Alþingi komi ekki síðar saman en 15. apríl en 4 dögum eftir slit núverandi aukabings.

Föstudagur 12. febrúar:

Frestunarfrumvarpið hespað gegnum Neðri deild sem lög. - Ráðherrafundur um dýrtíðarmálin. Línurnar

smáskýrast. Verðum að halda áfram, en seigt gengur þetta.

Laugardagur 13. febrúar:

Ríkisráðsfundur. Staðfest lög. Talað um diplomatiskt samband við Rússu, sem þeir fara nú fram á. Þeir vilja senda diplomat hingað en láta okkur hafa samband við sendiherra sinn í London (Maisky) í staðinn. Þetta er óvenjulegt og óaðgengilegt. Þrír Rússar eru hér, sem vilja komast í beint samband við stjórnarvöld hér, en þeir eru hingað fyrst komnir á vegum Breta, sem vilja nú losna við þá. U.S.A. og Bretum mun vera lítið gefið um samband Rússu við okkur. Hér gæti verið heimspólitískt mál í uppsiglingu.

Sunnudagur 14. febrúar:

Fundur með ráðherrum á skrifstofu forsætisráðherra. Hér eru margir hnútar og erfiðir. Vilhjálmur Þór mjög viðkvæmur vegna samvinnufélaganna og leggur lítið til málanna. Björn Ólafsson af talsverðum vilja gerður, en illt að koma öllu saman. Við hinir þrír sammála, en getum ekki fullkomlega beitt okkur því að hinir setja þá hnefann í borðið, en of snemmt að springa. Hættan er, að frumvarpið verði talið með of miklum hægri brag. En ef við erum of hægri sinnaðir er okkar hlutverki lokið og þá væntanlega bráður bani búinn, en vinstri stjórn þó lítt búin til forystu eða forsvaranleg. Við sjáum hvað setur.

Mánudagur 15. febrúar:

Framhaldsathugun á frumvarpi um viðreisnarskatt á fundi ráðherra. Einar Arnórsson tekur að sér að bæta um frágang frumvarpsuppkasts.

Priðjudagur 16. febrúar:

Bollaleggingar um dýrtíðarfrumvörpin. Lítið komist áleiðis. - Blöð, þingmenn og margir aðrir krefjast hraðrar úrlausnar. Ekkert gengur fyrr en í vikulokin.

Miðvikudagur 17. febrúar:

Lokið við aðalefni dýrtíðarfrumvarpsins eftir talsverða vafninga milli ráðherra innbyrðis. Jóhann Sæmundsson lengst til vinstri, Einar Arnórsson og Björn Þórðarson einnig vinstra megin. Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór meira til hægri. Allt kom þó niður að lokum í einn stað.

Fimmtudagur 18. febrúar:

Gengið endanlega frá frumvarpinu um dýrtíðarráðstafanir. Svo og um skattadómara og innheimtu. Það verður sent flokkunum á morgun sem trúnaðarmál.

Föstudagur 19. febrúar:

Frumvarpið um dýrtíðarráðstafanir sent flokkunum sem trúnaðarmál.

V/S Þormóður hefur farist með allri áhöfn.

Laugardagur 20. febrúar:

Mikil og alvarleg deila innan stjórnarinnar út af þeim misgáningi, að "tapsfrádráttur" útgerðarfélaga var ekki tekinn með í reikninginn samkvæmt orðanna hljóðan. Björn Ólafsson hótaði burtför ef ekki lagfært yrði. Atkvæða var leitað og þar sem stjórnin mundi annars springa valt á atkvæði mínu og var ákvæðið sett inn.

Ríkisráð á Bessastöðum. Þar ýmislegt spjallað ef dýrtíðarfrumvarp stjórnarinnar gengi ekki í gegn eða yrði limlest verulega.

Sunnudagur 21. febrúar:

Hugsaði í dag um ræðu mína er dýrtíðarfrumvarpið verður lagt fram í þinginu. Er þar ýmislegs að gæta og reyna verður að kveða nægilega varlega að orði. Ekki dugir að hóta ~~kkkkkkkk~~ burtför stjórnarinnar þótt frumvarpið verði breytt, en hins vegar munu lögin ekki verðaframkvæmanleg ef skerðing verðlagsuppbótar um 20% verður samþykkt aðeins með atkvæðum Sjálfstæðis og Framsóknar. Við bíðum og sjáum hvað setur.

Mánudagur 22. febrúar:

Engir fundir í þinginu nema forseti sameinaðs þings, Haraldur Guðmundsson, flutti minningarorð vegna hins mikla manntjóns, er v/s Þormóður og Draupnir fórust.

Priðjudagur 23. febrúar:

Dýrtíðarfrumvarpið til fyrstu umræðu í Neðri deild.

Flutti ræðukorn, sem liklega hefur verkað ekki illa.

Utanríkisnefndarfundur um Rússasendiherra og Svíásíld.

Miðvikudagur 24. febrúar:

Framhald fyrstu umræðu um dýrtíðarfrumvarpið. Einar Olgeirsson hallmælti frumvarpinu en aftök ekkert. Ólafur Thors kvað eiga að taka frumvarpinu með góðvild og skipa í það sérstaka nefnd. - Mikil átök innan Framsóknar um nýja stjórn til vinstri eða þola núverandi stjórn (J.J.).

Fimmtudagur 25. febrúar:

Dýrtíðarfrumvarpinu vísað til annrarar umræðu með 24 samhljóða atkvæðum. Ólafur Thors vildi sérstaka nefnd 5 manna, Einar Olgeirsson nefnd 4 manna, Framsókn nefnd 7 manna. Gefið hlé í 15 mínútur. Allir féllust nú á að vísa málínunum til fjárhagsnefndar og tóku aftur tillögur sínar. Frumvarpinu vísað til fjárhagsnefndar með 25 samhljóða atkvæðum.

Jörundur Brynjólfsson tók mig tali og sagði að stjórnin ætti að fara hægt í málínunum. Tími væri ekki kominn ennþá. Fólkisíð skildi ekki nauðsyn aðgerða ennþá. Áhuginn fyrir lækkun verðbólgunnar væri ekki eins mikill nú og áður meðan allt gengur áfram. Þetta kom fram einnig í umræðum vegna þess að stöðvun hefur orðið á verðbólgunni og þingmenn og þingflokkar kveinka sér við aðgerðir.

Lýðveldisnefndin fær afrit skjala.

Föstudagur 26. febrúar:

Attí tal við biskupinn um minningaráthöfnina.

Allt fór vel á með okkur, en ekki má hann misbjóða einum prófasti og ekki bera fram, að ég eigi að gera eitt eða annað í sambandi við þessa athöfn til þess að vekja athygli á sjálfum mér. Mér líkar þetta ekki og ég má passa mig að móðga hann ekki. Ég er frábitinn auglýsingastarfsemi, en það virðist hann ekki vera.

Laugardagur 27. febrúar:

Hugsa um að fara í útværið og skýra fyrir fólkini dýrtíðarfrumvarpið og meinинг stjórnarinnar í því sambandi. Kollegar vilja það mjög nema Jóhann Sæmundsson. Ég er hikandi. Minnist á þetta við ríkisstjóra. Hann taldi rétt að ég talaði áður við formenn flokkanna til þess að þeir gætu ekki sagt, að ég hefði komið aftan að þinginu. Þetta er alveg rétt. Ég hugsa málid og byrja að taka saman ræðu.

Sunnudagur 28. febrúar:

Skrifa drög að ræðu, sem ég kann að halda í útværið um dýrtíðarmálin.

Mánudagur 1. marz:

Tala við Stefán Jóhann Stefánsson og Einar Olgeirsson um dýrtíðarfrumvarpið. Af samtölum við þá afréð ég að fara ekki í útværið. Peir eru viðfeldnir. Talaði enn fremur við Ásgeir Ásgeirsson formann fjárhagsnefndar. Hann býzt ekki við hraðri afgreiðslu. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg er vonbetri um árangur, þó á litlu að byggja.

Spurning um að bjóða út stórt ~~háð~~ innlent lán til þess að taka fé úr umferð.

Priðjudagur 2. marz:

Spurning um hvernig á að haga sér gagnvart Rússum um ákvörðun þeirra um að senda hingað diplomat.

Miðvikudagur 3. marz:

Ráðherrafundur um byggingar á Bessastöðum, sendiherramálið rússneska og verzlunarsamning við U.S.A.

Nefndin í dýrtíðarmálinu starfar hægt.

Fimmtudagur 4. marz:

Uppistand út úr samningi við Bandaríkjumenn um not útværpsins. Eftir bendingu frá Helga Hjörvar hafði ég aðvarað Einar Arnórsson að samþykkja samninginn ekki en hann hafði gleymt þessari aðvörun. Fundur í lokuðu þingi um þetta mál o.fl.

Rætt um rússneska sendiherrann í utanríki smálanefnd.

Föstudagur 5. marz:

Minningarathöfn vegna Þormóðsslyssins. Biskup hæfilega stuttorður.

Laugardagur 6. marz:

Fundur í lokuðu Alþingi um ~~hánum~~ <sup>1<sup>o</sup></sup> Olíumálín, málstaður okkar sigrað, <sup>2<sup>o</sup></sup> Samninginn um útværpsnot Bandaríkjumanna, gagnrýndur, <sup>3<sup>o</sup></sup> Væntanlegan sendiherra Rússu. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudagur 7. marz:

Var að hugsa um ræðu, sem ég kynni að halda annað kvöld í veizlu þingmanna, ef orðum væri að mér eða stjórninni beint.

Mánudagur 8. marz:

A fundi í sameinuðu þingi minnst 100 ára stofn-dags Alþingis, 8. marz 1843, með lipurri ræðu forseta sameinaðs þings, Haralds Guðmundssonar.

Veizla um kvöldið á Hótel Borg. Þar var ríkis-stjóri og ráðherrar. Engar ræður. Þingmenn nokkrir kváðust á keksnisvísum, Eiríkur Einarsson, Bjarni Ásgeirsson, Jón Pálmason o.fl. og kátína. Kom heim kl. 12 1/2.

Priðjudagur 9. marz:

Fundur í sameinuðu þingi. Allir flokkar óánægðir með útvarpssamninginn við Ameríkanana. Einar Arnórsson linur í svörum. Vilhjálmur Þór harður og einbeittur í máli, sem þó aðallega fjallaði um önnur efni. Bjarni Benediktsson kritiseraði atriði í ræðu ríkisstjóra á Nýjársdag um eventuella nauðsyn á þátttöku okkar í löggreglusterfi. Ég tók málið á mig og skýrði réttmæti þeirra orða. Kvaðst hafa lesið ræðuna áður en hún var flutt. Við mundum verða að hugsa meira en áður um utanríkismálin og þátttöku í alþjóðasamning <sup>vinnu</sup>, annars yrðum við marklaus utanveltubesifi.

Miðvikudagur 10. marz:

Fórum allir ráðherrarnir til Bessastaða og ræddum viðhorfið ef dýrtíðarfrumvarpið fengi ekki framgang. Ákveðið að gefa fjögurra manna nefnd frá flokkunum í skyn, að stjórnin mundi ekki sætta sig við það, en láta vera í óvissu hvort hún myndi segja af sér eða rjúfa þingið.

Fimmtudagur 11. marz:

Framhaldsumræða í lokuðu þingi um útvapnsmál. Það kom á daginn, að Ameríkanar hafa ekki sótt fast á íslenzka útvapnið, heldur hafi útvapsstjóri gengið fram í málínu til þess að skaffa útvarkinu peninga, og annar drengur smitaður Ameríkani, Gunnar að nafni. -

Umræða um rússneska sendiherra og samþykkt tillaga til stjórnarinnar, sem er ekki fjarri réttu lagi.

Föstudagur 12. marz:

Frá flokkunum  
 Fjögramannanefnd mætti í stjórnarráðinu á fund  
 með ráðherrum um dýrtíðarfrumvarpið ~~en til hennar~~, þeir  
 Haraldur Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Pétur Magnússon og Einar Olgeirsson. Tilkynnti ég með smáræðustúf, að ef dýrtíðarfrumvarpið næði ekki í meginatriðum samþykkji þingsins "teldi stjórnin, að samvinnan milli hennar og þingsins yrði að vera lokið." ~~Hún~~ Peir tóku þessu með þögn og urðu samræður litlar. Viðstaðan var ekki lengri en 15 til 20 mínútur.

Laugardagur 13. marz:

og við Guðmund Thoroddsen um fæðingardeild við Lands-spítalann.

Sunnudagur 14. marz:

Pjóðviljinn skrifar tvær eitraðar greinar um Vilhjálm Þór sérstaklega og Björn Ólafsson. Kallar dýrtíðarfrumvarp okkar "Dýrtíðartillögurnar frá Washington" m.m. Þetta er versta árás, sem stjórnin hefur orðið fyrir. Vill sýnilega bola Vilhjálmi og Birni úr stjórninni. Ég talaði við Einar Olgeirsson út af þessu.

Jónas Jónsson talar við mig. Flokkarnir ekkert að-hafst enn viðvíkjandi dýrtíðarfrumvarpinu. Vinstri stjórn ómöguleg. Morgunblaðið, Hermann Jónasson og Einar Olgeirsson segja þjóðstjórn æskilega en gera þó ekkert.

Mánudagur 15. marz:

Pétur Magnússon, formaður fjögra manna nefndarinnar, hafði misskilið yfirlýsingu mína 12. þ.m. og líklega hinir þrír líka. Talið að frumvarp stjórnarinnar væri ultimatum, sem það alls ekki er. Ég reyndi að skyra þetta fyrir honum og sá hann, að skilja átti það öðru-vísi en þeir gerðu. Hann létt uppi að stjórnin ætti að sýna meiri forystu en hún gerði í meðferð dýrtíðar-frumvarpsins, en ég sagði að við værum reiðubúnir alltaf þegar óskað væri af hálfu nefndarinnar. En þeir virðast vilja, að þeim sé tosað áfram eins og dauðum skötum, en stanga stjórnina jafnframt hver úr sínum flokki og gera henni forystuna ómögulega.

? sonar, Hermanns Jónassonar, Stefáns Jóhanns Stefáns-  
 ? sonar og Brynjólfss Bjarnasonar. Líklega tilbúningur  
 einn.

Priðjudagur 16. marz:

Pað er eitthvað á seyði meðal pingflokkanna, sérstaklega Sjálfstæðis og Sósíalista. Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson í samræðum einslega með Brynjólf fi Bjarnasyni sá ég á þingi. - Talaði við Hermann Jónasson, sem er fullur af pólitískri fílósófi og hugleiðingum um framtíðina en telur þó ekki sinn tíma kominn. Pað má búast við öllu.

Björn Ólafsson vill setja flokkunum ákveðinn frest og er altaf að reka á eftir því. Eg tel það ekki tímabært. Ef til vill hafa þeir komist að ákveðinni niðurstöðu á morgun og tilkynna stjórninni niðurstöðu sína. Pað er ekki gaman að geta ekki ráðið neinu um afdrif sín.

Miðvikudagur 17. marz:

Pað er staðreynd að Brynjólfur Bjarnason og Ólafur Thors eru að malla um einhverskonar samstarf. Alþýðuflokkurinn að minnsta kosti fyrir utan, sbr. umsögn Haralda Guðmundssonar.

Ráðherrafundur um ýmisleg mál. Vilhjálmur og Björn Ólafsson gerðu fyrirspurn um hvort dómsmálaráðherra vildi eftir kröfu þeirra höfða opinbert mál gegn Þjóðviljanum fyrir dylgjur og nið í þeirra garð í sambandi við Ameríkanana. Eg ekki meðmæltur opinberu

máli að minnsta kosti sem stendur. Allt er í óvissu og á huldu. Ef við fórum nú þá höfum við þó unnið heiðarlega alla stund.

Fimmtudagur 18. marz:

Óvissa enn um nýja stjórn. Orðrómurinn segir Hermann Jónasson í forsæti og eigi að vera þjóðstjórn. Allt getgátur. Framsókn starfar að einhverjum dýrtíðartillögum landbúnaðarins, er kváðu vera á öðrum grundvelli en með líkri niðurstöðu og stjórnarfrumvarpið, sem ekkert er gert við. Fjögramannanefndin hefur enn ekkert látið frá sér heyra. – Bjarni Benediktsson tók þrisvar framm í ræðu Kristins E. Andréssonar, að sósíalistar væri einasti stuðningsflokkur stjórnarinnar og þeir hefðu ráðið því, að hún komst á laggir. I síðari ræðu sagði hann "aðalstuðningsflokkur" og kannske slangur annarsstaðar að.

Föstudagur 19. marz:

Ekkert pokast áfram um nýja stjórn. Likast til allt upp í loft um priggja flokka stjórn en fjögra flokka stjórn líklegri, sagði Einar Olgeirsson í dag, eða réttari leið.

Hjörvarður Árnason Ameríkumaður á vegum hersins vildi hafa tal af mér og get ég samþykkt það. En mér skildist, að hann vildi láta ríkisstjóra, forsætisráðherra og utanríkisráðherra tala í útvarpið fyrir herinn.

Laugardagur 20. marz:

Ráðherrafundur. Sló í brýnu milli Vilhjálms Þórs og Jóhanns Sæmundssonar út af því, að ekki hafði verið rætt formlega á fundi um ráðstöfun, sem Jóhann gerði með minni vitund og Björns Ólafssonar en án vitneskju Vilhjálms. Petta var ekki skemmtilegt og veikir eventuelt eining og sympati innbyrðis. Ég tók minn hlut af þessu og sagði afdráttarlaust eins og var. Vilhjálmur trúði mér og ber enga þykkju til mína.

Talaði við Pétur Magnússon, formann fjögra manna nefndar, og óskaði fundar við nefndina. - Björn Ólafsson vill setja hněfann í borðið en ég ekki nú og hinir kollegarnir sammála mér.

Sunnudagur 21. marz:

Enn orðrómur um stjórnarmyndun Sjálfstæðis og Sósíalista. - Getur verið að dýrtíðarfrumvarpið verði látið daga uppi. Nefndin kemst ekkert áleiðis. Þeir vilja ekkert. Geta ekkert. Þingið próstítúerar sig þá að nýju á áberandi hátt, en menn eru orðnir því svo vanir, að það vekur enga athygli og verkar ekkert meðal kjósenda, en verður aðeins til vansæmdar út á við.

Mánudagur 22. marz:

Agnar Kl. Jónsson bar mér aftur ósk Bandaríkjamanna um að hefja viðtal á ensku í útvarp sem landkynningu til ameríkska hersins. Ég vil ekki. Ætlunin einnig að fá ríkisstjóra. Hvort hann slær til ?

Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra hefur gefið þess kost Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir sig og er það nóg. Eftir útvarpsumræðurnar á dögunum má ekki gefa andróðri gegn stjórninni og U.S.A. mönnum meiri byr í segl með þessum hætti.

Líklega allar vonir úti um nýja stjórn.

Stjórnin var á fundi með fjögra manna nefnd, lítið gert en látlaus byrjun.

Vilhjálmur Þór getur látið sér koma til hugar innvortis sjúkdóm í stjórninni. Árekstur hans og Jóhanns Sæmundssonar líklega tilefni til þessarar skoðunar.

#### Priðjudagur 23. marz:

Á fundi fjögra manna nefndar í dýrtíðarmálum.

Bernhard Stefánsson vegna Framsóknar og Haraldur Guðmundsson vegna Alþýðufloksins létu uppi ákveðnar tillögur, sem voru í áttina til lækkunar dýrtíðar en ekki nægilega skýrar. Kommar þögðu með Steingrím Aðalsteinsson í stað Einars Olgeirssonar. Fundur máske á morgun.

Hermann Jónasson lét uppi við mig einslega sínar skoðanir og taldi ekki unnt að ná málezfnasamningi milli flokkanna og bessi stjórn kynni að sitja lengi - fleiri ár. Eg maldaði í móinn.

#### Miðvikudagur 24. marz:

Fundur með sjómannaforingjum og skipaeigendum um samflot. Var ráðið að þeir reyndu ítrrustu samninga innbyrðis áður en stjórnin legði fram frumvarp í þinginu. málssins,

Ekkert vitað um afdrif dýrtíðarförum líklegast afgreiða þeir eitthvað.

Fornritin og Sigurður Nordal. Val eins manns í alþýðu-  
trygginganefnd. Stjórnin yrði að vera áfram.

? Ingvar vill að stjórnin taki meiri hlutdeild í  
meðferð pingmála. Skal gert á næsta pingi.

Fimmtudagur 25. marz:

Ekkert positivt fram komið frá flokkunum í dýr-  
tíðarmálunum. Kommar virðast steinþegja.

Hermann Jónasson talaði við mig í dag og er alveg  
búinn að glata trúnni á lýðræðið og telur framhald á  
rekstri þjóðnýtingu og þjóðfélagsfirliti með atvinnu ~~KEKKUNUM~~  
hljóta að koma að striðinu loknu. Þeir er sömu skoðunar  
og Hermann. Ófært bæði út á við og inn á við að skipta  
oft um stjórn. En nú er fjögra flokka/~~hljónum~~ ómöguleg  
og þriggja flokka líka.

Föstudagur 26. marz:

Fundir í fjárhagsnefndum um dýrtíðarfrumvarpið en  
lítill von um árangur. Verður þó reynt frá hlið stjórnarinnar  
að eitthvað náiist pósítívt.

Hermann Jónasson og Stefán Jóhann Stefánsson boðuðu  
mér einslega að "lyðveldisnefndin" mundi skila af sér  
innan skamms og annaðhvort leggja frumvarp fyrir Alþingi  
eða skila því til stjórnarinnar og skora á hana að leggja  
frumvarpið fyrir pingið. Ef hún gerði það ekki mætti  
búast við, að þeir Gísli Sveinsson og Bjarni Benediktsson  
mundu ráðast í fyrirtækið. - Þetta er ekki glásilegt hjá  
pessum herrum. Það er eins og þeir ætli að breiða yfir  
vanmátt sinn og ósamkomulag í dýrtíðarráðstöfunum með

pessu. Það eru eins og þeir séu staurblindir um allt og ætli að nota sjálfstæðismálið eða réttara sagt sambandsmálið til að blinda þjóðina, en ráfa þó sjálfir í þoku og svima.

Laugardagur 27. marz:

Gísli Sveinsson bað mig um eintal kl. 3 í ping-húsinu. Hittumst við í hornherberginu milli deildanna. Hann sagði og bað mig um svar við eftirfarandi: Lýðveldisnefndin hefur nú lokið sínum störfum á þá leið, að hún getur afgreitt lýðveldisfrumvarp nú þegar. Ef nefndin afgreiðir frumvarpið til stjórnarinnar, telur hún það þá skyldu sína að leggja það fyrir þingið á þessu vori, er reglulega þingið kemur saman? Hann vildi fá svar ~~málik~~ míni eins án samráðs við collegana og aðeins fyrir sig einan, því að hann ætlar ekki að láta meðnefndarmenn sína vita um viðtalið. Ég svara: "Ekki mun ég flýta mér að því". Honum þótti svarið ekki alveg ljóst og óskaði nánari skýringar, en ég kvað það óparft. Hann þýddi þá svarið á þá leið, að ég mundi ekki leggja frumvarpið fram án þess að vera fastara til þess knúinn. Ég játaði skýringuna rétta. Hann gaf í skyn, að stjórninni væri gerður vegsauki og sýnt traust með því að afgreiða málið nú til hennar. Ég sagði honum með nokkrum þunga, að ég teldi það ekki neitt lauf í hennar kórónu. Vegur hennar og vinsældir yrðu ekki meiri við það. Þá sagði ég: Mundi það flýta fyrir stjórnarmyndun þingsins ef ég segði beint nei? Ekki vildi ~~hann~~ staðhæfa það. Líklega geymir hann og nefndin málið hjá sér til haustsins.

Í dýrtíðarmálínú er ekkert gert hjá fjárhagsnefndunum.

Sunnudagur 28. marz:

Samþykkt á ráðherrafundi að senda fjárhagsnefndum miðlunartillögu við IV. og V. kafla dýrtíðarfrumvarpsins. Aðallega byggt á tillögum Jóhanns Sæmundssonar. Undirtektir óvissar. Peir pora ekkert og vilja ekki veita stjórninni neina stoð. Sóma þingsins eiga peir þó að meta svo, að peir hlaupi ekki frá öllu ógerðu.

Mánudagur 29. marz:

Sagði ríkisstjóra frá samtali mínu við Gísla Sveinsson. Hann sagði mér, að O. Johannson hefði per London spurst fyrir um "asylum" í Svíþjóð fyrir fund milli Dana og Íslendinga um sambandsmálið. Stefán Jóhann Stefánsson sagði, að fyrirspurning væri komin til Stokkhólms. Ég sagði honum, að ég hefði talað við Gísla Sveinsson en ekki hvað okkur fór á milli. Ég sagði Einari Arnórssyni aftur á móti aðalefni samtalsins við Gísla Sveinsson.

Sósialistar vilja endilega hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um sambandsmálið og lýðveldisstjórnarskrá á þessu vori, en Sjálfstæðismenn líklega ekki eins harðir á því.

Spurning/<sup>um</sup> hvort stjórnin á að taka það í mál, að leggja málið fyrir þingið þótt sent yrði henni. Alþingi bæri að vísu ábyrgðina, en stjórnin ætti ekki að gerast verkfæri þess að nauðsynjalausu.

Ekkert heyrist um aðgerðir í dýrtíðarmálínú.

Priðjudagur 30. marz:

Viðsjár og miklar bollaleggingar í pingflokkunum um hvernig taka eigi miðlunartillögum stjórnarinnar, sem hún sendi fjárhagsnefndunum í fyrradag. Margir einstakra pingmanna sagðir hlyntir þeim, en trúlegast er, að enginn flokkanna vilji gerast ber að því í augum hinna, að gerast talsmenn stjórnarinnar, og líklegast að málínu verði snúið svo, að ráð stjórnarinnar sé alveg á hverfanda hveli og hún hafi gengið ofan í sjálfa sig, þegar hún er að reyna samkomulag við þingið. Stjórnin krefst álits nefndarinnar fyrir fimmtudagskvöld, svo að einhver úrslit verði.

Miðvikudagur 31. marz:

Talaði í morgun með Jóhanni Sæmundssyni við stjórn Alþýðusambandsins ( Guðgeir Jónsson, Björn Bjarnason og Hermann Guðmundsson) um breytingatillögur stjórnarinnar við dýrtíðarfrumvarpið. Þeir sögðu ekkert. Hermann ekki eitt einasta orð.

Í fjárhagsnefndum gengur ekkert í dag, en fundur í fyrramálið og svo skiljast nefndir Efri deildar og Neðri deildar, sem unnið ( tvö upphrópunarmerki ) hafa saman og Neðri deildar nefndin semur kanske álit fyrir helgi í tveimur eða þremur eða fjórum hlutum. Hvað úr þessu verður veit enginn, en hvað sem verður, er ekki annað sýnna en að stjórnin verði að hanga. Þetta eru óskemmtilegar stundir.

Fimmtudagur 1. apríl:

Ekkert afgert ennpá í dýrtíðarmálínú. Breytingatillögur frá Framsókn, sem miða að því að setja mjólkur lítrann kr. 1,50 og lögfesta verðbætur á landafurðir. Eitthvað líkt frá bændadeild Sjálfstæðisins. Sósialistarnir Brynjólfur og Einar sagðir innbyrðis ósammála um afstöðuna til málsins. Alþýðuflokkurinn talinn ekki fjarri stjórninni. En allt er petta svo óskýrt og brenglað, að ekki er hægt að henda reiður á neinu. Liklega koma þeir með nefndarálít fyrir helgi og ætti þá að ~~hækka~~ hespa petta af í næstu viku ef nokkuð verður úr.

Föstudagur 2. apríl:

Ríkisstjóri sagði mér að einn aðalforingi fram-sóknarmanna hefði komið til tals við sig og lýst því, að stjórninni væri jafnvel óheimilt að láta rjúfa þing. Hefði hann lýst ófarnaði, sem af því leiddi og gegn þessu yrði að sporna. Ríkisstjóri sagði honum, að hann mundi haga sér eins og stjórnskipulega væri réttast ef slik tillaga væri borin fram.

Ólafur Thors réðist að Jóhanni Sæmundssyni og sagði að flokksforingjar myndu skerast í leikinn ef rjúfa ætti þing, og ríkisstjóri, sem petta gerði, mundi ekki endur-kosinn. Stjórnin mundi ekki fá nema einn mann kosinn o.s.frv. Þeir hafa þá dálítinn beig af þessu hvísi, sem hefur ekki annars neitt við að styðjast. En ógnanir, sem þessar, geta þeir haft í frammi þótt þeir viri annars ekki sitt rjúkandi ráð hvað gera skal í verðbólgu-málunum. Sagt er að úrslitastundin eigi að vera í dag eða kvöld hjá

### Laugardagur 3. apríl:

Fjárhagsnefnd Neðri deildar ekki enn lokið við nefndarálit. Björn Ólafsson segir þó, að útlit sé fyrir einhverja sambræðslu, sem gengur enn skemmra en miðlunar-tillögur stjórnarinnar til þess að hamla gegn verðbólgu. Við verðum þó að sætta okkur við það og koma þinginu út úr vandræðunum. Því að vandræði hlytust af ef stjórnin teldist ekki geta sætt sig við það, sem þingið hefði fætt af sér eftir harmkvæli. Hvorttveggja er jafn ómöglægt fyrir þjóðina, þingprof og lausn stjórnarinnar nú, því að hvað kæmi í staðinn ?

Jónas Jónsson skrifar hógværa og einkar hlýja grein um stjórnina.

### Sunnudagur 4. apríl:

Fjárhagsnefnd Neðri deildar skilaði áliti í dag. Það er eindæma óskapnaður og sýnir hve nefndin hefur átt lítilla kosta vöл um úrlausn þessa vandamáls. Svo er frá málinu gengið, að það er hreinn nauðungarkostur fyrir stjórnina að hlíta þessari afgreiðslu. Það verður erfitt fyrir mig á fundi með nefndinni á morgun kl. 10 að láta vera með að lýsa fullkominni fyrirlitningu á þessu fóstri nefndarinnar. Sendi ríkisstjóra frumvarp nefndarinnar til lesturs.

### Mánudagur 5. apríl:

Fjárhagsnefnd á fundi með stjórninni kl. 10 í stjórnarráðinu. Eg sagði í upphafi, að nefndin hefði tekið þann kost að víkja frumvarpi og tillögum ríkis-

stjórnarinnar til hliðar og mundi stjórnin á sína hlið hafa ríka ástæðu til að víkja frumvarpi nefndarinnar til hliðar. Þetta var sagt kalt og striks. Þetta setti sýnileg óhug að nefndarmönnum. Þá hélt Björn Ólafsson stillilega smáræðu, sem verkaði róandi á skapsmuni flestra. Ásgeir Ásgeirsson, formaður og framsögumaður nefndarinnar, lýsti þá kostum og gildi frumvarpsins og komst meðal annars svo að orði: "Tillögur stjórnarinnar hafa orðið nefndinni til leiðbeiningar". Þá greip ég framm í: "Pó það". Þessu reiddist Ásgeir og kvartaði undan þeim "tón", sem stjórnin talaði í til þingmanna, þegar þeir væru að gera sitt bezta, og gaf í skyn að stjórnin teldi sig sem fulltrúa þjóðarinnar en Alþingi ekki. Greip ég þá framm í og sagði: "Hefur stjórnin látið slikt uppi ? " Og nú var ég kominn i spenning. Ásgeir sagði: "Nei". Mér létti og öllum, og síðan fóru umræður fram ~~umræðum~~ skaplega.

#### Priðjudagur 6. apríl:

Útbýtt frumvarpi fjárhagsnefndar í þinginu. Ekkert víst enn þá um afstöðu flokkanna innbyrðis en ósamkomulag mikið. Ég veit ekki með vissu hvað ég skal segja, hversu berorður ég á að vera. Líklega loðinn og sveiganlegur. Það þýðir ekkert að berja í borðið. Þingrof ekki tiltækilegt og við verðum að sitja fastir hversu, sem þessu reiðir af.

Miðvikudagur 7. apríl:

Dýrtíðarfrumvarpið til annarar umræðu í Neðri deild. Eg flutti stutta yfirlýsingu af hálfu stjórnarinnar. Annars ekki hægt að segja hvað úr þessu verður. Alþýðuflokkurinn virðist vera með stjórninni, Sjálfstæðisflokkurinn andstæður, Framsóknarflokkurinn skiptur.

Fimmtudagur 8. apríl:

Framhald annarar umræðu um dýrtíðarfrumvarpið. Allir hafa ráðist á stjórnina. Jóhann Sæmundsson hélt ræðu, sem líklega hefur engin áhrif haft. Hann hótar að fara úr stjórninni eftir helgina. Hann er óánægður. Einar aðgerðarlaus. Vilhjálmur framsóknarmaður. Björn Ólafsson sjálfstæðismaður. Svona standa nú sakirnar.

Föstudagur 9. apríl:

Framhald annarar umræðu. Atkvæðagreiðsla. Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór gengu inn á að sætta sig við svokallaðar "friðartillögur" og var ég ekki á móti því. Þeir töldu víst að þær yrðu samþykktar, en þær voru felldar með 19 : 13 atkvæðum. Þetta var **auðtryggi** og **pólitiskur ósigur** fyrir stjórnina. En það mun hafa verið vegna prettu Ólafs Thors að tillögurnar voru felldar. Pétur Ottesen var aðalflutningsmaður og framsóknarmenn. Pétur Ottesen var reiður. - Frumvarp fjárhagsnefndar samþykktar í aðalatriðum.

Stjórnin dauf í dálkinn og engin skíma framundan í dýrtíðarmálunum. Jóhann Sæmundsson mjög óánægður og kveðst munu fara.

Laugardagur 10. apríl:

Hermann Jónasson sagði fullum fetum, að Ólafur Thors hefði verið að gera sér leik að því að óvirða stjórnina. Jónas Jónsson kvað hafa átt upptökin að friðartillögnum og Pétur Ottesen hafði treyst því að sjálfstæðismenn fylgdu tillögnum og Ólafur Thors hefði logið því að Rétri að svo væri, en síðan fengið sína nánustu til þess að skerast úr leik. - Nú eru aðeins tveir dagar eftir til umráða og óvist hvort Efri deild lýkur málinu.

Sunnudagur 11. apríl:

Einar Arnórsson var ákafur um það, að stjórnin segði af sér vegna útreiðar þeirrar, sem frumvarpið fékk við priðju umræðu í Neðri deild. Ég mótmælti þessu, en sagði að við gætum haldið fund á morgun - hann vildi strax - um afstöðuna. - Þegar nú Einar Arnórsson kemur til viðbótar við Jóhann Sæmundsson, þá fer nú útlitið að versna fyrir stjórnina. - Morgunblaðið og Þjóðviljinn vilja stjórnina fyrir alla muni burtu og nú er brestur kominn innan frá. En bót er í máli, að Vilhjálmur Þór vill ekki afsögn feemur en ég og Björn Ólafsson ekki heldur, en er þó ekki allshugar. Þetta getur orðið spennandi, en ég er ~~nnnn~~ nú orðinn staðréðinn í því að fara hvergi.

Mánudagur 12. apríl:

Langur fundur með ráðherrunum um aðstöðu ~~nnnn~~ stjórnarinnar. Jóhann Sæmundsson segir hiklaust að hann Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fari. Einar Arnórsson ekki alveg eins fastur á því eins og í gæð, að stjórnin beiðist lausnar, en hann vill að stjórnin heimti óbeinhínis eða jafnvel beinlínis traust þingsins. Þeg stend fastur á því, að stjórnin megi ekki hlaupa burt og gefast upp. - Þá rætt um yfirarinnar lýsing frá stjórn~~xxxxx~~ hlið við fyrstu umræðu í Efri deild. - Hún fer fram. Allt í sundrung þar. Líklegast að frumvarpið dagi uppi. - Fundur með ráðherrum í skrifstofu ríkisstjóraritara. Þar var það bundið fastmælum, að stjórnin láti það varða afsögn ef frumvarpið verður látið daga uppi.

#### Priðjudagur 13. apríl:

Með samningum milli Alþýðuflokkssins, Sósialista og Sjálfstæðisflokkssins eru gerðar breytingar ~~innihægum~~ á frumvarpinu í Efri deild, en þar með er fengin skuld-binding um, að málid verði í þeirri mynd afgreitt frá þinginu. - Málid afgreitt við allar umræður frá Efri deild og aftur til einnar umræðu í Neðri deild. Þar hófst umræðan laust fyrir kl. 11 um kvöldið og stóð fram yfir miðnætti.

#### Miðvikudagur 14. apríl:

Kl. 2,30 f.h. var frumvarpið samþykkt með 29 : 3 atkvæðum og afgreitt með lög frá Alþingi. Þá kvaddi ég ég mér hljóðs og flutti yfirlýsingu af hendi stjórnarinnar, sem prentuð mun verða í þingtíðendunum. Yfirlýsinguna samdi ég á eigin býti og bar síðan undir Björn Ólafsson, sem endurbætti orðalagið á tveimur stöðum.

Aðrir ráðherrar voru ekki viðstaddir umræðurnar um kvöldið og nöttina nema Wilhjálmur Þór stutta stund. Eg reyndi að vanda framsögn mína ~~xx~~ sem bezt ég gat. Yfirlýsingin hafði áreiðanlega sín áhrif á deildarmenn. Eg legg meira inn í yfirlýsinguna en aðrir menn gera, því að hún á ekki aðeins að lúta að vanmætti pingsins til að snúast gegn verðbólgunni, heldur er þar einnig fólgin sú hugsun mīn, að núverandi stjórn kunni að vera landinu hollari í hinum stórpólitísku málum sem óhjákvæmilega eru framundan, einhver samningastjórn flokkanna.

Ríkisstjóri slítur pinginu.

Yfirlýsingin birt í Vísi og útvarpi. Hún þykir góð, en rétt meinleg í garð pingsins, en þykir sönn og réttmæt. Magnús próf. Jónsson sagði við mig að afloknum fundi í stjórnarráðinu, að stjórnin hefði gefið pinginu "glúffu", sem væri jafnvel móðgandi. Eg sagðist ekki hafa haft neitt síkt í huga en aðeins segja sannleikann og ég held hann hafi trúð mér.

Veit ekki hvort Jóhann atlar að fara strax. Tala við hann á morgun.

#### Fimmtudagur 15. apríl:

Jóhann Sæmundsson kom og talaði við mig í morgun í rúman klukkutíma. Hann er staðfáðinn í að fara. Eg bað hann að tala við ríkisstjóra áður en formleg lausnarbeiðni kæmi fram. Hann segir, að stjórnin hafi ekki fylgt nógu vel eftir 220 stiga vísitölu og að taka ábyrgð á henni. Þetta hefði gengið í gegn. Eg

sagði petta væri fullkominn misskilningur. Hann er framgjarn maður og áreksturinn milli hans og Vilhjálms Þórs gerir sitt til. Hann bað mig að fyrirgefa sér petta tiltæki sitt en ég sagði: "Eg fyrirgef þér þegar ég er dauður," þ.e. sem ráðherra.

Þingsetning.

Föstudagur 16. apríl:

Eg er að hugsa um og undirbúa þingfrestun. Talaði við alla flokksformenn. Loðin svör hjá vinstri flokkunum um frestun fyrir pásku.

Laugardagur 17. apríl:

Ríkisráðsfundur og Jóhann Sæmundsson á fundinum og afhenti mér á eftir lausnarbeiðni sína.

Nýr sendiherra Breta kominn.

Þingfrestun er fyrirhuguð en þar er margs að gæta, að verða ekki settur í snöru af flokkunum.

Sunnudagur 18. apríl:

Sagði ríkisstjóra frá lausnarbeiðni Jóhanns Sæmundssonar og ég yrði að taka að mér félagsmálin. Burtför Jóhanns er ekki aðeins vegna afgreiðslu dýrtíðarmálanna heldur og að ég hygg andstaða í hugarfari við Vilhjálm Þór og Björn Ólafsson.

Etla að hafa lokaðan fund á morgun í þingi um þingfrestun. Flokksforingjarnir gera þá ef til vill upp sakir með sér, en stjórnin er hlutlaus.

Mánudagur 19. apríl:

Ríkisráð. Jóhann Sæmundsson lausn og bakklaeti ríkisstjóra. Eg tók hans störf. Þetta vakti athygli á pinginu.

Lokaður fundur í pinginu um frestun. Eg lenti í umræðum og lagði Haraldur Guðmundsson fyrir mig spurningar um vilja stjórnarinnar og hvort hún mundi ráðfæra sig við flokkana áður ef gefa kynni að þurfa út bráðabirgðalög. Eg komst svo að orði, að stjórnin mundi aðeins gefa út bráðabirgðalög með "yfirsýn beztu manna". Þetta verkaði vel.

Priðjudagur 20. apríl:

Enn lokaður fundur um þingfrestun og er það skýrt að Framsókn og Sjálfstæðisflokkur eru með, Sósíalistar á móti og Alþýðuflokkur af ótta við að sýna meðhald er beggja blands. - Ríkisstjórabréf um þingfrestun gefið út.

Veizla ríkisstjórnar fyrir þingmenn í Oddfellow húsinu kl. 7 1/2. 41 veizlugestir. Aðeins 3 sósíalistar. Ólafur Thors og Jónas Jónsson ekki en báðir báru fram kurteisleg forföll. Eg hélt dálitla ræðu fyrir minni Alþingis og fór kl. 2 um nóttina og var þá enn glatt á hjalla.

## R æ ð a

20. apríl 1943 í veizlu, sem ríkisstjórnin hélt alþingismönnum í Oddfellowhúsinu.

Ræðan var hugsuð áður, ef á þyrfti að halda, en flutt blaðalaust og skrifuð niður næsta dag.

### Háttvirtir alþingismenn.

Pegar ég og félagar míni sátu hina ágætu veizlu ykkar 8. mars, var það þögult heit hvers okkar ráðherranna fyrir sig, að bjóða ykkur að vera í boði okkar eina kveldstund, og nú hefur okkur orðið að peirri ósk að sitja með ykkur að þessu hófi. En ég verð að segja það, að ég hafði nú eiginlega vænst þess að þurfa ekki að halda neina ræðu, en minn mikilsvirti sessunautur, hæstvirtur forseti sameinaðs bings, Gísli Sveinsson, hefur nú gefið tilefni til þess, að ég get ekki orða bundizt. Annars átti mér að geta skilizt það, að þar sem alþingismenn eru saman komnir hljóta að verða ræðuhöld, og þá íþrótt verða allir að preyta, sem tylla sér þar á skák, með hverjum hætti sem er, því að "at augabragði verðr sá es ekki kann, og með snotrum sitr."

Það er svo skammt síðan, að mér var kippt inn í nýtt umhverfi, að vísu á mína eigin ábyrgð, að það er eins og "gesturinn" sé enn þá uppi í mér, og máltaði segir: "glöggt er gestsaugað"; en hversu glöggt mitt auga er skal ég ekki segja, en áður en ég kom hér hefur um nokkur undanfarin ár það verið í langtum stærra mæli verkefni mitt, að hlusta en að tala, að hlusta sem dómari á munnlegan málflutning.

í hinú nýja umhverfi skilst mér, að lögð sé meiri áherzla á að tala en hlusta, þó sá hæfileiki sé enganveginn vanræktur. En ég held að það sé ekki misskilningur hjá mér, að svo virðist sem alþingismenn séu manna leiknastir í því að loka eyrunum fyrir því sem talað er eða að láta það fara gegnum annað eyrað og út um hitt. En þetta eru kostir, sem á þessari hávaðans öld hverjum manni er hollt að **temjá** sér, svo að hann láti ekki glepjast.

Ég veit ekki hvort það á við, að ég, eftir svo stutta viðkynningu, fari að telja upp fleiri kosti, sem ég hefi fundið í fari þingmanna sérstaklega, en það er þó einn, sem ég vil geta og mér virðist talsvert áberandi, en það er háttprýði þeirra, ég vil segja riddarablær, í umgengni innbyrðis - utan þingsalanna. Eins og allir vita eru öll vopn, sem hugur og tunga ráða yfir, notuð á móttöðumanninn í þingsölunum sjálfum. Það er gert ex officio, í embættisnafni, í þjónustu flokksins. En er orrahriðinni slotar, gefur að sjá hinrar sömu hólmgönguhetjur niðri í hinum dúnmjúka forsal þinghússins hagreða sér ljúfmannlega hlið við hlið í hægindunum og neyta í bróðerni og með drengilegu yfirbragði sameiginlega brauðs og drykkjar, að vísu í sveita síns andlitis.

Ég skal nú ekki fara lengra inn á þessa braut, en hins vil ég minnast, að þegar við vorum saman 8. mars, að þá var það hóf haldið í tilefni af stofnun hins ráðgefandi Alþingis, fyrir 100 árum. Á þeim tíma var stjórnin allt en pingið ekkert. En á þessu tímabili

hefur svo skipazt, að þingið er orðið allt, og stjórnin skipuð síðustu 40 árin samkvæmt tilnefningu þess, þ.e. meirihluta þess. En nú vill svo til, að yfir stendur millibilisástand þar sem þingið hefur ekki neytt valds síns til þess að velja stjórn, og staða stjórnarinnar er með vissum hætti aðeins ráðgefandi, ef hún er þá það, þar sem hún hefur engan flokk að baki og ég vil segja ekki einn einasta þingmann, er hana styður.

Hvaða eftirmæli þetta tímabil fær, hversu langt eða skammt sem það verður, og lífdagar stjórnarinnar með, skal ég láta ósagt. En það vil ég segja, að vilji stjórnarinnar er að forðast strið, og dettur mér í hug, að eftirmælin kunni að verða svipuð því, sem segir frá á einum stað í Bretasögum, en þær eru eins og kunnugt er, nær eingöngu um orrustur og vígaferli milli konunga og höfðingja, er steypa hver öðrum af stóli eða koma hver öðrum fyrir kattarnef á inn eða annan hátt. En svo bar til fyrir tilviljun, að til ríkis komst konungur einn, sem Maddan hét og ríkti skammahrið. Um konung þenna segir: "Maddan var hógvær og friðsamur. Frá honum er engi saga ger."

Kann nú ekki að verða eitthvað svipað um eftirmæli núverandi stjórnar, sem vill og ætlar að verða friðsöm? Frá henni verður engi saga ger.

Einn af háttvirtum þingmönnum, sem að viðsu er ekki viðstaddir hér í kvöld, Jónas Jónsson, léti þau orð frá sér fara á prenti, að þingið hafi tekið stjórninni 16. desember "með þögulli ánægju". Ykkur

erunú kunnari en mér réttmæti þessara ummæla, en mér hefði þótt vel fara á því, að höfundur hefði notað varnagla Ara prests, að réttara væri þó að hafa það, er sannara reyndist. En hvað sem sannindum þessara ummæla líður og brátt fyrir hið þýða viðmótt, sem ég og félagar mínir höfum ekki farið varhluta af af ykkar hálfu, þá kemur mér í hug, og styrkist það hugboð mitt við ummæli, sem hæstvirtur forseti létt falla áðan, að þegar stjórnin fer, muni hún kvödd með ánægju af pinginu.

En hvernig, sem petta verður, mun stjórnin þá eins og nú óska þess, að heill og sæmd pingsins, því að það þýðir heill og sæmd þjóðarinnar, megi ætið uppi verða.

A l p i n g i l i f i .

Miðvikudagur 21. apríl:

Útvarpsumræður samkvæmt kröfum Sózialista um þingfrestun. Allhvassar umræður milli flokkanna. Frestunartillaga stjórnarinnar síðan samþykkt með 29 : 10 atkvæðum. Í kvöld kl. 9 var þinginu frestað af mér í umboði ríkisstjóra til 1. september. - Velfarnaðaróskir minnar og forseta samþinaðs þings.

Skírdagur 22. apríl:

Ríkisstjóri spurði fréttu af þinginu og sagði ég honum, að þingið léti stjórnina hafa frjálsar hendur á frestunartímabilinu eins og hverja aðra velmetna þingræðisstjórn.

Langi frjádagur 23. apríl:

Hugleiðingar um eitt og annað, sem fram undan er. Nog verður að starfa. Ég held að allir þingmenn hafi skilið sáttir við stjórnina á miðvikudaginn, hvernig sem viðrar í haust.

Laugardagur 24. apríl:

Alþýðusambandið hótar verkfalli í vinnu af opinberri hálfu ef ekki verður samið fyrir 3. næsta mánaðar. Vilhjálmi Þór er þar fyrst að mæta.

Sunnudagur 25. apríl:Mánudagur 26. apríl:

Talaði við Þorstein Þorsteinsson hagstofustjóra um störf sex manna nefndarinnar samkvæmt dýrtíðarlögumur Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Priðjudagur 27. apríl:

Fundur um kaupgjald í opinberri vinnu.

Miðvikudagur 28. apríl:

Tók á móti enska sendiherranum Shepherd.

Talaði við vegamálastjóra um kröfur Alþýðusambandsins. Það verður að semja.

Fimmtudagur 29. apríl:

Fundur um vegavinnukaup. Ennfremur um verðlagsmál.

Föstudagur 30. apríl:

Sömu mál og í gær og mörg önnur.

Laugardagur 1. maí:

Fundir um vegavinnukaup.

Sunnudagur 2. maí:

Sama og í gær.

Mánudagur 3. maí:

Listamannaskáli. - Þingmannabústaðir á Hótel Borg.  
Kleppjárnsreykir.

Priðjudagur 4. maí:

Biskup kom í skrifstofu mína og stóð við í 3 korté

Miðvikudagur 5. maí:

Samtöl og nefnda stúss allan daginn.

Fimmtudagur 6. maí:

Kauphækkunarkröfur og byrjandi skæruhernaður þar.

Föstudagur 7. maí:

Fjölda margar afgreiðslur meira og minna mikilvægar.

Laugardagur 8. maí:

Skrifaði biskupi o. fl. viðvíkjandi Hallgrímskirkju

Sunnudagur 9. maí:

Las Parlamentsumræður um Beveridge-áætlanir.

Mánudagur 10. maí:

- Ríkisráð og ýmislegt. - Þjóðviljinn skammar utanríkispólítík Stefáns Jóhanns Stefánssonar.

Priðjudagur 11. maí:

Sigurjón A. Ólafsson bað ásjár minnar um að smíði Sjómannaskólahússins yrði haldið kröftuglega áfram. Ég lofaði að stuðla að því.

Vilhjálmur P. Gíslason óskaði stuðnings míns til að menntamálaráð og Háskólinn tæki höndum saman um að vinna að íslenzk - íslenzkri orðabók, o.fl.

Miðvikudagur 12. mai:

Fundur með byggingarnefnd Sjómannaskólans.

Eiríkur alþingismaður Einarsson kom til míni og sýndi ég honum símskeyti frá sendiráðinu í Kaupmannahöfn um ályktun Íslendinga þar í sambandsmálínus.

Athuga þingsályktun <sup>anir</sup> frá pinginu, sem beint er til stjórnarinnar.

Fimmtudagur 13. mai:

Fundur með Sjómannaskólanefndinni og með Vilhjálmi Þór og Einari Arnórssyni um að vinna kappsamlega að málínunni. Þeg ýti á Vilhjálm að víkjast vel við þessum kröfum. ✤ Björn Ólafsson lasinn.

Föstudagur 14. mai:

Atti tal við ríkisstjóra um mörg merkileg mál í rúman klukkutíma. Þar lagði ég m.a. til að flaggað væri á þjóðhátiðardögum þeirra þjóða, sem hefðu sendimenn hér. Sýndi honum samþykkt Íslendinga í Kaupmannahöfn 7. maí.

Sagði Stefáni Jóhanni Stefánssyni frá samþykkt Íslendinga í Kaupmannahöfn og það væri hart ef hún fengist ekki birt í blöðunum. Hann sagði mér að ekki væri unnt að fá griðastað í Svíþjóð fyrir samtal milli Íslendinga og Dana vegna tregðu frá þýzkri hlið að leyfa Dönum burtförl úr landi.

Laugardagur 15. maí:

Talaði við Bjarna Benediktsson borgarstjóra um húsaleigumál og Hallgrímskirkjulóð.

Sunnudagur 16. maí:

Er að velta fyrir mér hvað gera eigi við skeyti Krabbe um samþykkt landa í Höfn frá 7. maí. Á að láta það koma fyrir utanríkismálanefnd eða láta blöðunum það í té sem aðra fregn? Hart að stinga því undir stól og getur verið stór ábyrgðarhluti.

Mánudagur 17. maí:

Hátíðarmessa Norðmanna í dómkirkjunni.

Minntist síðar á við ríkisstjóra, Vilhjálm Þór og Björn Ólafsson um samþykkt landa í Kaupmannahöfn og voru þeir sammála mér um að láta ætti blöðin fá fregnina, annað gæti verið varhugavert.

Ráðherrafundur um framhald byggingar Sjómannaskólan

Priðjudagur 18. maí:

Biskupinn kom og var þakkláttur fyrir bréf mitt viðvíkjandi Hallgrímskirkju.

Stefán Jóhann Stefánsson kom og sagði mér, að fundur hefði verið haldinn í lýðveldisnefnd, sem kallaðu hafði verið saman að fyrirlagi Gísla Sveinssonar en Bjarni Benediktsson stýrði. Lagði Bjarni til, að áróður væri nú hafinn í blöðum fyrir fullnaðaraðgerðum í lýðveldismálínu í ár. Væri þess nú því frekar þörf, þar sem forsætisráðherra væri því andvígur, sbr. ræðu hans Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. desember 1942. Var Einar Olgeirsson því ákaflega fylgjandi, en Jónas Jónsson og Ólafur Thors ekki eins harðir. Mér skildist, að Stefán Jóhann hefði eitthvað vafist á móti og Hermann Jónasson eitthvað mitt á milli. Málið kvað eiga að koma til umræðu nú í flokkunum.

Miðvikudagur 19. mai:

Sendi formönum þingflokkanna samþykkt landa í Kaupmannahöfn.

Orlofsmerki. - Siðgæðismál. - Framfærslumál.

Fimmtudagur 20. mai:

Kemur til mála, að Vilhjálmur Þór fari snöggva flugferð til Ameríku.

Morgunblaðið getur um í morgun ræðu Ólafs Thors um sambandsmálið, sem hann hélt í fyrra kvöld. Áróðurinn samkvæmt ályktun lýðveldisnefndar þar með hafinn. Við sjáum hverju fram vindur þar.

Föstudagur 21. mai:

Eg læt birta í blöðum samþykkt landa í Kaupmannahöfn í sambandsmálinu.

Eg er að hugsa um hvað gera megi út úr hinu mikla nefndarfargani, sem búið er að setja á stofn fyrir frumkvæði Alþingis. Er ekki hægt að fækka og samræma störf þeirra ?

Laugardagur 22. maí:Sunnudagur 23. maí:

Fór til Þingvalla að sjá konungshúsið með Einari Arnórssyni og konu hans. Verð þar kanskje eitthvað í sumar.

Mánudagur 24. maí:

Talaði við Einar Arnórsson að nota í félagi við mig og eventuelt Björn Ólafsson sumarbústaðinn (konungshúsið) á Þingvöllum í sumar.

Priðjudagur 25. maí:

Talaði við Björn Ólafsson um sumarhúsið.

Fundur með samninganefnd utanríkisviðskipta. - Vilhjálmur Þór og ég töluðum um að endurskipuleggja nefndinn ~~inn~~ pessa. Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins sé fastur **maður** í nefndinni og ef til vill að taka Komma inn.

Tala við Birgi Thorlacius um afskrítir lýðveldiskjala.

Miðvikudagur 26. maí:

Fundur með Vilhjálmi Þór og Birni Ólafssyni (Einar Arnórsson við lagapróf) um laun ríkisstjóra næsta kjortímabil. - **Landskipti** milli Bessastaða og Breiðabólsstaðar.-Afreksmerki.- Sjúkraskýli til bráðabirgða við spítalana o. fl. - Sambandsmálið einnig. Björn Ólafsson hefur enga sérstaka tilfinningu fyrir því mál. Vil-Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjálmur Þór er ekki heldur sérlega áhugamikill, en vill hafa rétta aðferð, eins og búast mátti við af honum.

Fimmtudagur 27. maí:

Fundur með nefnd utanríkisviðskipta. Var það ljóst að heldur andaði köldu til stjórnarinnar frá einum nefndarmanni.

Spurði Jón Kjartansson ritstjóra hvaða heimild væri fyrir því, sem í Morgunblaðinu stendur "að Bretar hefðu viðurkent lýðveldið". Hann sagði að Ólafur Thors hefði sagt það á flokksfundum og fyrst í ræðu 5. október í fyrra, sem birt var í Morgunblaðinu 8 sama mánaðar. Svona fara peir að því þeir góðu menn blekkja sína menn með ósannindum og staðleysum. Jón Kjartansson var alveg í góðri trú.

Föstudagur 28. maí:

Talaði við ríkisstjóra í morgun um laun hans og risnu. Hann minntist að fyrra bragði á hvort stjórnin mundi geta verið "inactiv" út af röngum staðhæfingum Jóns Kjartanssonar um viðurkenningu Breta, og var honum það næst skapi að stjórnin gæfi út einhverja yfirlýsingu um "facta" málsins. - Ég talaði við Einar Arnórsson. Þá hafði Jónas Jónsson verið að sleppa orðinu við hann í síma um sambandsmálið og látið orð falla um að stjórnin mætti ekkert aðhafast, sem talist gæti eða verið lagt út sem mótspryrna gegn málínus eins og Sjálfstæðisflokkurinn og Jónas Jónsson vill hafa Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bað. Hver veit nema samtal mitt við Jón Kjartansson hafi verið flutt Jónasi Jónssyni og hann fenginn til að tala við Einar Arnórsson.

Laugardagur 29. maí:

Hugsaði nánar um laun og risnu ríkisstjóra og sagði Vilhjálmi Þór og Birni Ólafssyni af því: að láta standa við það sem Ólafur Thors hafði gert kr. 5000,00 á mánuði og risnufé að auki.

Samþykkt af okkur að senda menn á fiskiveiða- og fiskifriðunarþing í London. Æg nefndi Friðrik Ólafsson og Árna Friðriksson og er þá 3ji maður ónefndur.

Sunnudagur 30. maí:

Fór að Laugarvatni með Einari Arnórssyni. Skoðuðum allt nákvæmlega. Hefi aldrei séð jafn hreint fjós og fallegar og hreinar kýr. Bjarni Bjarnason er mesti skörungur. Húsakostur verður þar aukinn og sundlaugin bætt.

Mánudagur 31. maí:

Sagði ríkisstjóra frá ákvörðuninni um laun hans og risnu.

Priðjudagur 1. júní:

I lunch hjá Fontenay með brezka sendiherranum og aðmíral o. fl. Síðan við opnum brezkrar listsýningar.

Miðvikudagur 2. júní:

Neyddist til að lofa Jens Guðbjörnssyni að tala 17. júní af svöllum Alþingishússins fyrir 1þróttasambandið. - Fór í móttöku hjá brezka sendiherranum.

Uppstigningardagur 3. júní:

Velti fyrir mér hvað ég á að segja hinn 17.

Föstudagur 4. júní:

Fæ afrit af því, sem Bjarni Benediktsson sagði í Ameríkana útvarpið, svo og ummæli danskra og sanskra blaða um stjórnina, lýðveldisst. og sambandsslit.

Laugardagur 5. júní:

Heimsæki Fontenay, sem var ákaflega glaður yfir heimsókninni. Pakkaði mér alveg sérstaklega fyrir að hafa komið nú eins og ástandið er ísjárvert um alla hluti nú í Danmörku og sambandsmálið. Var allt af alvöru mælt hjá honum og engin diplomatisk uppgerð. Talaði þar við Stefán Jóhann Stefánsson.

Sunnudagur 6. júní:

Heimsótti Guðmund Finnbogason á 7 tugsafmáli hans og sendi honum einnig skeyti sem forsætisráðherra.

Mánudagur 7. júní:

Fjölmenn nefnd frá landsþingi kvenfélagasambands Íslands kom á minn fund vegna áhugamála sinna.

Vilhjálmur Þór sagði mér frá leiðinlegri aðferð eins sendimanns og óhollan stjórninni. Það þarf að vara sig á þessu.

Priðjudagur 8. júní:

Margvíslegar og miklar annir og hirði ekki að geta þeirra.

Miðvikudagur 9. júní:

Stefán Jóhann Stefánsson kom og talaði við mig um sambandsmálið. Vildi helzt, að leitast væri eftir um hug Breta til málsins. Ég tók heldur dræmt undir það, og taldi það mjög aðgæzluvert eins og staði frá fleiri hliðum. Hann er eiginlega eins og á nálum um hvað gert verður vegna viðhorfsins til Dana og vina sinna Svíða. Hann vill að hægt sé að fresta málinu með einhverju móti. Ef til vill mætti samþykkja lýðveldisstjórnarskrá og láta svo þjóðaratkvæða-greiðslu dragast.

Hermann Jónasson talaði líka við mig og virtist sama sinnis og Stefán Jóhann Stefánsson þótt ekki segði hann neitt um aðferðir.

Fimmtudagur 10. júní:

Annir miklar og undirbúningur undir boð á morgun.

Föstudagur 11. júní:

Ríkisstjórnin hafði boð í Alþingishúsinu fyrir Bonesteel hershöfðingja, sem nú er að fara. Þetta fór Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hið bezta fram, en engin ræðuhöld voru.

Hjalti Jónsson kom til míni og bað um petta:

1) að láta ekki kaupa gömul skip til landsins, ekki eldri en 8 ára, 2) ekki að alfriða Eldey, 3) friða Faxaflóa með ljósduflum. Þeir þakkaði Hjalta heilræðin, sérstaklega hið fyrsta, sem ég kvaðst mundu fylgja fram ef ég gæti nokkru ráðið.

#### Laugardagur 12. júní:

Sagði landlækni, að bygging sjúkraskýla yrði hafin fyrst á Vífilstöðum og úti skuli gefið 1. hefti manneldisfreði.

#### Hvítasunna 13. og 14. júní:

A Pingvöllum.

#### Priðjudagur 15. júní:

Lauk við ræðu mína, sem halda skal 17. júní.

#### Miðvikudagur 16. júní:

Blaðamenn spyrja hvort stjórnin sendi Bonesteel ávarp og kveðjuorð. Svarað því, að stjórnin hafi gert nóg.

#### Fimmtudagur 17. júní:

Hélt ræðu af svöllum Alþingishússins kl. 2,30-2,55. Íþróttamönnunum líkaði ræðan vel, en munu sumir hafa saknað, að ég talaði ekki neitt um stórpólítík. Þeir lagði þeim á hjarta: " alltaf að leika rétt, einnig að

annara dómi." Hér var vikið að því hvernig við ættum að haga okkur í viðskiptum út á við, og var hér sambandsmálið undirskilið.

Föstudagur 18. júní - sunnudagur 20. júní:

Var á Þingvöllum og kom þaðan í dag, sunnudag.

Árni Pálsson hringdi til mí나 og var mjög undrandi á vaðli Ólafs Thors á landsfundi Sjálfstæðismanna, en ræða hans var í Morgunblaðinu í morgun. Það munu fleiri verða. En ekki er úr vegi, að hann fari svolitið of geyst.

Mánudagur 21. júní:

Minntist á við ríkisstjóra hvort hann teldi að grennslast ætti fyrir um afstöðu Breta per Shepherd. Hann var ekki frá því, en varlega yrði að fara. Ég létt þá skoðun uppi, að ef það kvisaðist að stjórnin gerði það og ef Bretar reyndust vera andvígir, efaðist ég ekki um, að ég og stjórnin yrði af sumum mönnum kallaðir landráðamenn. Vegna óláta sjálfstæðisföringjanna var ríkisstjóri hvetjandi þess að stjórnin sýndi lit, ég sagðist ekki mundu gera það fyrr en í haust.-Ég sagði Vilhjálmi Þór frá samtalinni við ríkisstjóra og hvatti hann til að tala við hann. Vilhjálmur virðist vera hálfvegis á sömu línu og Jónas Jónsson, en þó er hann í raun og veru sömu skoðunar og ég um að fara að engu óðslega.

Priðjudagur 22. júní:

Talaði við Eirík Einarsson. Hann virðist vera andvígur rassaköstum foringja sinna og hafa réttan skilning á málínú, en ekki er að treysta að hann reynist neinn kappi er á hólminn kemur og svo mun um fleiri.

Talaði við Jóhann Sæmundsson um læknamál. Hann minntist á sjálfstæðishetjurnar og taldi atferli þeirra glæpi.

Miðvikudagur 23. júní:

Fundur í utanríkismálaneftnd. Einar Olgeirsson vakti máls á yfirlýsingu Statsministerens danska, og spurði hvort ekki ætti að birta skjöl, sem farið hefðu á milli stjórnanna. Margir tóku til máls, Ólafur Thors, Magnús Jónsson, Stefán Jóhann Stefánsson og Hermann Jónasson. Jóhann Jósefsson þagði. Ég spurði hvort nefndin vildi samþykkja ályktun um birtingu. Ekki var því svarað beint. Sagði ég þá frá úrkippum nýlega komnum úr dönskum blöðum. Ólafur Thors virtist ekki vera með birtingu. Nú kom það upp, að prentun lýðveldisfrumvarpsins var látin fara fram án samþykkis lýðveldisnefndar. Ég tók það fram, að frumvarpið hefði verið afhent mér aðeins til "geymslu".

Fimmtudagur 24. júní:

Mér sagt að allt sé í ólestri á lögmannsskrifstofunni vegna drykkjuskapar Kr. Kr. Ég reyni að skerast í ~~meikiðum~~ betta.

Föstudagur 25. júní:

Athuga nánar ástandið á lögmannsskrifstofunni.

Talaði við landlækni um margvísleg mál.

Hermann skrifar í Tímann um skilnaðarmálið, og kveður þar við æðimiklu sterkari tóns en ég hafði búist við eftir samtali við hann síðast.

Laugardagur 26. júní:

Pórður Sveinsson hringdi til míni út af stórbörölti stjórnmálaforingjanna í skilnaðarmálinu. Honum fannst fátt um það.

Jónas Jónsson skrifar í Dag 24. p.m.: "slíta hin fornu kúgunarbönd við Norðurlönd og ganga á hönd engil-saxnesku stórveldunum".

Óanægja út af síldarverði Vilhjálms Pórs.

Sunnudagur 27. júní:

Mánudagur 28. júní:

? Fundur með viðskiptanefnd um fisksölu í sterlings-pundum.

Talaði við Vilhjálm Pór um síldarverðið. Það yrði að leiðréttu.

Vil láta tala við Alþýðusambandið um vegavinnu dagsverk.

Priðjudagur 29. júní:

Akveðið af ráðherrum (Björn Ólafsson fjarverandi) að láta undan í síldarmálinu. Þetta undanhald veikir Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að líkendum álit stjórnarinnar, en hitt var ófæra.

Miðvikudagur 30. júní:

Formlega samþykkt 18 kr. síldarmál vegna áskorunar stjórnmálaflokkanna.

Ríkisráðsfundur. Að fundi loknum gat ríkisstjóri pess, að æskilegt væri að stjórnmálaflokkarnir athuguðu í tíma og tækju afstöðu til hvernig víkjast etti við óskum stórvelda um afnot herstöðva hér eftir styrjöldina, sem ekki væri óhugsandi að bornar yrðu fram gegn því að viðurkennt væri íslenzkt lýðveldi. Þetta er orð í tíma talað því að sannarlega má búast við sliku.

Staðfestur fisksölusamningur við U.S.A. til 6 mánaða.

Fimmtudagur 1. júlí:

Þorsteinn Briem kom og virtist ekki fylgjandi bægslaganginum í lýðveldismálunum. Var mjög skeptiskur.

Föstudagur 2. júlí - mánudagur 5. júlí:

A Þingvöllum. Þar ráðagerðir um aðgerðir í dýrtíðarmálunum með Einari Arnórssyni og Vilhjálmi Þór. (Björn Ólafsson í frii).

Priðjudagur 6. júlí:

Afhenti Birni Ólafssyni afskriftir af leyniskjöl-inu.  
unum í lýðveldismálum

Miðvikudagur 7. júlí:

Ég og Einar Arnórsson áttum viðtal við Stefán Jóhann Stefánsson. Hann vill fyrir alla muni tala við Dani, en verður þó að lúta vilja flokksmanna sinna.

Stimson hermálaráðherra U.S. kemur á föstudag.  
Ég vil ekki sitja matboð U.S.

Fimmtudagur 8. júlí:

Að tilhlutan minni höfðu ráðherrar tal af ríkistjóra á Bessastöðum um lýðveldismálið. Einar Arnórsson ætlað að tala fræðilega við Bjarna Benediktsson út af vanefndakenningu hans. Annars samþykkt, að stjórnin gerði sem fyrst upp við sjálfa sig, hvaða afstöðu hún vill taka ef fram á það væri farið af Alþingi í fyrirspurnarformi:

- 1) Hvort stjórnin vill fylgja frumvarpimillibinganeftdarinnar óbreyttu.
- 2) Hvort hún vill fylgja því með einhverri breytingu.
- 3) Hvort hún er andvíg því að fylgja málinu fram eins og það er nú í pottinn búið.

Ennfremur hvort stjórnin ætti að gefa út tilkynningu til þjóðarinnar að undangengnu samráði við utanríkismálanefnd. Þetta biður nú allt sinnar stundar.

Föstudagur 9. júlí:

Gylfi P. Gíslason, Klemens Tryggvason og Ólafur Björnsson komu á minn fund og sögðust koma til min Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem privat manns. Sögðust hafa í hyggju að taka upp og halda áfram skilnaðarmálinu frá því í fyrra. Spurðu hvort ég teldi nokkrar ytri hættur steðja að vegna þess. Ég kvað nei við því. En ég sagði þeim, að ég mundi verða nú alveg óvirkur í málinu utan míns embættis. Þeir spurðu um hvern skilning bæri að leggja í yfirlýsing U.S.A. frá 14. október 1942. Ég kvað það ekki alveg ljóst hvað í því plaggi feldist. Þá spurðu þeir um Bretta. Ég sagði þeim, að úr þeirri átt hefði ekkert heyrst.

Ráðherrafundur um ýmis mál. Utanríkismálaneftnd.  
Rússamál.

Laugardagur 10. júlí:

Stimson kominn. Ekki nauðsyn að ég hafi mig þar neitt í frammi, og kem þar því ekki nærri.

Sunnudagur 11. júlí:

Stimson fór til Englands.

Ég er öðru hverju að hugsa um aðstöðuna í skilnaðarmálinu og hvort stjórnin verður þar einhuga. Ennþá spurning um hvort Bretar kippa ekki í taugina. Þeir hafa ekkert sagt síðan í ársbyrjun 1941. Vil ekki opinbera mína afstöðu að fullu fyrr en í síðustu lög.

Mánudagur 12. júlí:

Hugsa um tillögur, sem gera megi í dýrtíðarmálunum. - Vilhjálmur Þór fer á fund S.I.S. á Hólum.

Priðjudagur 13. júlí:

Ímislegt vafstur.

Miðvikudagur 14. júlí:

Tala við ríkisstjóra. Hann vill að stjórnin hafi tilbúnar dýrtíðartillögur, er þingið kemur saman. Ekki má búast við að neitt pósítívt komi frá dýrtíðarnefnd Alþingis.

Fimmtudagur 15. júlí:

Útlægur úr stjórnarmáðinu sökum viðgerðar þar.

Föstudagur 16. júlí:

Í Vísi leiðari um afstöðuna út á við. Þar er allfast að orði kveðið um nauðsyn sambands við Engilsaxa. Við séum á áhrifasvæði þeirra og Norðurlönd séu okkur ónyt viðskiptalönd.

Laugardagur 17. júlí:

Hefst við heima í illviðri. Leiðinlegar pólitískar hugahræringar.

Sunnudagur 18. júlí:

Allt hið sama.

Mánudagur 19. júlí:

Vilhjálmur Þór og ég tökum á móti nefnd sjómanna um siglingahættu.

Priðjudagur 20. júlí:

Sigurður Guðnason, formaður Dagsbrúnar, kom og sagði að félagsmenn vildu segja upp samningum en stjórnin og fulltrúaráðið ekki. Fundur yrði í kvöld og þá vildi stjórnin geta lofað að vísitölugrunnvöllurinn yrði endurskoðaður og vildi fá lofarrð mitt um skipun nefndar í þessu skyni. Æg sagði honum, að ef ósk kæmi um það frá öllum flokkum væri ég því meðmæltur og mundi bera það undir collegana.

Einar Olgeirsson kom eftir hádegi og talaði um hið sama. Talaði ég í síma að honum áheyrandi við Jakob Möller um þetta. Sagði Einar Olgeirssyniað skrifleg tilmáli yrðu að koma. Þau komu þegar frá Sjálfstæðisflokknum og Sósíalistaflokknum. - Minnist ist á þetta við Hermann Jónasson og vísaði hann til Eysteins Jónssonar. Æg sagði að endurskoðunin gilti aðallega húsaleigu og skildi þar með okkur.

Miðvikudagur 21. júlí:

Líkast til að málid ið gær sé samspil milli Sjálfstæðisfloksins og Sósíalistafloksins. Einar Olgeirsson vildi eða sagðist vilja samkomulag í dýrtíðarnefnd. Einar Arnórsson telur þetta m.a. upphaf að undirbúningi stjórnarsamvinnu Sjálfstæðisfloksins og Sósíalistafloksins. Þetta má vel vera. Vilhjálmur Þór vildi ekki endurskoðun, en ekki er gott að komast undan því ef krafist verður af öllum.

Fimmtudagur 22. júlí:

??

Landlæknir kom og talaði um margvisleg heilbrigðismál. - Hagstofustjóri kom og talaði um landbúnaðarvísitölu. Þeir skammt á veg komnir. Benti honum á að tala við Ásgeir Ásgeirsson um vísitoluna, því að hann hefði verið formaður fjárhagsnefndar, er með uppástunguna um dýrtíðarvísitoluna kom.

Föstudagur 23. júlí:

Páll Zophoniasson kom og talaði um læknisvitjana-styrki. Þá töluðum við um verð landbúnaðarafurða. Hann sagði að bæði kjöt og mjólk hefði verið selt of hátt í fyrra en það verð ætti líklega við nú sökum hærra kaupgjalds. - Sigurður Guðnason spurði um svær flokkanna um vísitolu endurskoðun.

Laugardagur 24. júlí:

Biskup vill fá aukið risnufé og þarf hann þess vegna afskifta sinna af útlendingum.

Sunnudagur 25. júlí:

Heima í allan dag. Þórður Sveinsson hringdi og sagði, að Mússólíni væri farinn frá og rex fengið Bad og liv í stað. Gott. Bara að Hitler hverfi sem fyrst, annaðhvort fyrir eigin hendi eða annars.

Mánudagur 26. júlí:

Talaði við ríkisstjóra. Hann minntist á hvort Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki ætti að bera það undir lýðveldisnefnd, að spyrja Dani um hvort þeir vildu viðtal í ~~nemniðum~~ neutrölu landi. Hans hugsun virtist vera pessi:

1. Danir svara: Nei, fyrst í styrjaldarlok.
2. " " : Já, en samtal árangurslaust.
3. " " : Já, árangri náð.

Um 1. Tilraun bætti fyrir okkur út á við.

- " 2. Vilja ekki unna okkur fulls réttar.  
" 3. Þá er málid klappað og klárt.

Það er vert að huga að bessu, enda hefi ég oft velt því fyrir mér áður.

Hann er mjög ákafur um tillögur frá stjórninni í dýrtíðarmálunum fyrir þingið.

#### Priðjudagur 27. júlí:

Fékk Árna Tryggvasoni frumdrætti að tillögum til nýrra erfðalaga og bað hann um að taka saman frumvarp samkvæmt þeim.

#### Miðvikudagur 28. júlí:

Engan collega hitt. Er að hugsa um aðferðir í sambandsmálini, sbr. viðtalið við ríkisstjóra í fyrradag. Sem stendur er það bezta pólitíkin í því málí ekkert að flýta sér. Það er mín sannfæring að Englendingar viðurkenni alls ekki lýðveldisstofnunina nema sambandslagasamningnum sé fullnægt, eða fyrr en í ófriðarlok, hvað sem U.S.A. kann að gera.

Fimmtudagur 29. júlí:

Talaði við Kristján Kristjánsson um lögmannsembættið

Föstudagur 30. júlí:

Talaði við ríkisstjóra. Skýrði honum frá ýmsum spurningum, sem ég teldi að leggja ætti fyrir lýðveldisnefnd ef á annað borð væri talað við hana. Fyrst og fremst um tilkynningu til Dana um fyrirætlanir um niðurfelling sambandslagasamningsins og stofnun lýðveldis. Í því sambandi tilkynningu til konungs. Ennfremur hvort gera ætti fyrirspurnir til Bretta og Svía um viðurkenningu lýðveldis. Hvort lýðveldisnefnd teldi, að haga ætti sér nokkuð eftir því hvernig þessi svör ~~þú~~ yrðu. Hann taldi ekki nema rétt að bera upp þessar spurningar, sem ég nánar sundurliðaði þótt sumum yrði neitað. - Þá töluðum við um burtflutning liðs Bretta í sambandi við herverndarsamninginn og spyrja bæri sendiherra U.S. um petta efni. Verður nánar rétt um petta efni við Vilhjálm Þór.

Laugardagur 31. júlí:Sunnudagur 1. ágúst - mánudagur 2. ágúst:

Er á Þingvöllum húsmaður hjá Birni Ólafssyni og frú hans.

Priðjudagur 3. ágúst:

Alyktun tekin á ráðherrafundi um skipun nefndar samkvæmt ósk stjórnmálflokkanna til þess að rannsaka Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

grundvöll visitölunnar. Ekki afráðið hvaða menn verða, en þeir verða þrír.

Miðvikudagur 4. ágúst - sunnudagur 8. ágúst:

Pessa daga ráðslagað við collega um fyrirspurnir, sem Vilhjálmur Þór ber upp fyrir sendiherra U.S. og einnig sendiherra Breta varðandi brottflutning hers samkvæmt herverndarsamningnum og gengið frá þeim að fullu og öllu.

Mánudagur 9. ágúst:

Fundur með Einari Arnórssyni og Birni Ólafssyni um ýmis mál.

Priðjudagur 10. ágúst:

Jarðarför frk. Ingu Magnúsdóttur.

Glugga í blaðaskrif um sambandsmálið.

Miðvikudagur 11. ágúst:

Talað við landlækni um ýmis mál og Einar Arnórsson sömuleiðis.

Fimmtudagur 12. ágúst:

Ríkisráðsfundur í morgun um samankvaðning Alþingis 1. september.

Vafningar út af rannsókn Þormóðsslyssins.

Föstudagur 13. ágúst:

Rannsakaði lyðveldisskjöl og skrif.  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þorðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardagur 14. ágúst:

Hagstofustjóri kvað dýrtíðarnefnd lokið störfum sammála.

Sunnudagur 15. ágúst:

A Þingvöllum. Hagstofustjóri skýrði fyrir mér og Einari Arnórssyni samkomulag nefndarinnar. Sýnilegt er að samkomulagið hækkar vísitöluna um 15 - 20 stig.

Mánudagur 16. ágúst:

Fékk Ólaf Danielsson til að vera formann vísitölunefndar, sem nú er skipuð.

Priðjudagur 17. ágúst:

Kristján Kristjánsson og Árni Tryggvason sýna mér frumvarp um skipting lögmannsembættisins. Eg ekkert við það að athuga en þeir bera það undir Einar Arnórsson.

Sr. Bjarni sagðist hafa forskrifat sig gegn vilja Sjálfstæðisbroddanna.

Miðvikudagur 18. ágúst:

Veizla borgarstjóra og bæjarstjórnar. Þær leiðinleg

Fimmtudagur 19. ágúst:

Dýrtíðarnefnd skilar álíti.

Föstudagur 20. ágúst:

Beiðni Foreign Policy Association U.S. um kveðju frá mér á 25 ára afmæli þessarar stofnunar. Ég mun senda skeyti per sendiherrann í Washington.

Laugardagur 21. ágúst - Mánudagur 23. ágúst:

A Þingvöllum.

Friðjudagur 24. ágúst:

Ráðherrafundur um afstöðuna til niðurstöðu dýrtíðarnefndar. Ágreiningur um verðtryggingu til bænda.

Miðvikudagur 25. ágúst:

Sama mál á dagskrá stjórnarinnar.

Fimmtudagur 26. ágúst:

Ráðherrar tala um útgáfu yfirlýsingar vegna ummæla Þjóðviljans um Jón Krabbe. - Vilhjálmur Þór skrifar undir verzlunarsamning við U.S.

Föstudagur 27. ágúst:

Ráðherrafundur um afstöðuna til dýrtíðarmáls og visitölu. Samþykkt að tala við flokksformenn á mánudag. Treysti í engu ketblokk Framsóknar og Sjálfstæðis.

Laugardagur 28. ágúst:

landbúnaðarframleiðslunni fullar tryggingar.

Sunnudagur 29. ágúst:

Barst fregn um aðfarir Þjóðverja í Danmörku.

Mánudagur 30. ágúst:

Vilhjálmur Þór og ég tala við Fontenay. Hann segir sína stöðu óbreytta, en nálgast Frjálsta Dani.

Utanríkismálaneftarfundur. Meðal annars talað um birtting skjala.

Priðjudagur 31. ágúst:

Fontenay bað mig um viðtal og er aðalefni þeirra samræðna skrifað á öðrum stað. - Ríkisráðsfundur á Bessastöðum um lagafrumvörp.

1943. Hinn 31. ágúst kl. 2,45 spurðist Fontenay sendiherra fyrir um það hvort hann gæti fengið viðtal við mig og kvaðst ég hafa 3 kortér til umráða og ef hann kæmi strax væri mér það ljúft. Síðan kom sendiherrann eftir 10 mínútur.

Byrjaði hann á því að þakka fyrir samúð þá, sem ég ásamt utanríkisráðherra hefði sýnt í viðtali okkar við hann í gær út af atburðum þeim, sem gerzt hefðu í Danmörku. Þá þakkaði sendiherrann kveðju þá, sem stjórnin hefði sent konungi og dönsku þjóðinni og sendifulltrúinn í Svíþjóð beðinn um að koma á framfæri.

Þá kom Fontenay að aðalerindinu til míni og kvaðst hafa orðið nokkuð hverft við fyrirspurnir þær, er

Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra bar upp fyrir honum í gær og viðræðunum af okkar hálfu út af því hvernig hann liti á stöðu sína í sambandi við viðburðina í Danmörku. Hann óskaði að vita hvað lægi á bak við fyrirspurnir okkar og samtalið, sem hefði snert sig ekki vel einmitt í framhaldi af og beint á eftir samúðaryfirlysingunni.

Ég sagði honum, að ég hefði veitt því athygli að eftirgreßnslanir okkar og framhald samtalsins hefði ekki komið alls kostar vel við hann og öðruvísí en ég hafði búist við. Sagði ég honum að þar sem það hefði verið áður haft orð á því, að sendiherrann mundi ef til vill óska að segjast í flokk "Frjálsra Dana", þ.e. taka afstöðu líka þeim Kaufmann og Reventlow, þá hefði ríkisstjórnin talið rétt út af þeim viðburðum, sem gerzt hafa í Danmörku, að vita hvort sendiherrann léti nefnda viðburði hafa þau áhrif, að hann sætlaði nú að gera alvöru úr því að telja sig fulltrúa sama eðlis og þeir sendiherrar, er nú voru nefndir, því að stjórnin teldi það ef til vill geta skipt málí að einhverju leyti, og óskaði helst að vita það áður en hann gæfi slika yfirlýsingu, og í sambandi við það hefði talið eðlilega beinst að því hvort staða hans sem "Doyen" breyttist nokkuð við það.

Honum virtist léttu við það, að ég sagði honum  
væru  
hverjar hvatir ríkisstjórnarinnar voru og tók það  
fram aftur, að fyrirspurnirnar í gær hefðu komið ekki  
vel við sig og endurtók ég þá minn ummæli. Hann kvaðst  
ekki hafa getað skilið hvað á bak við lægi og vildi  
helst hafa skilið það, sem eftirgreßnslanir handa  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingmönnum, sem kæmu saman á morgun. Hann kvaðst hafa sent Kaufmann og Reventlow skeyti og spurst fyrir um hvernig þeir hygðust að bera sig að og væri nú í undirbúningi hvernig hentast mundi að koma fyrir stjórnarnefnd eða repræsentation meðal Dana utan Danmerkur á borð við hina frönsku stjórnarnefnd. Annars kvaðst hann ekki flýta sér að því að gera neina breytingu á stöðu sinni hér og taldi ég stjórnina óska að vita það áður en hann tæki breytta afstöðu enda teldi stjórnin ekki neina ástæðu til að hann hraðaði sér að því.

Að lokum sagðist hann vilja segja mér, að hann hefði sagt hinum öðrum sendiherrum hér frá viðtalinu við okkur Vilhjálm Þór eða að hann hefði átt tal við okkur og líklega bar heldur að skilja orð hans svo, að hann hefði sagt þeim beinlínis frá viðtalinu, og hefðu þeir sagt, að þeir hefðu ekki tilhneigingu til að breyta um það, að hann væri áfram "Doyen".

Eftir almennt viðtal skildumst við vel.

-----  
Kl. 4 var ríkisráðsfundur á Bessastöðum og að fundinum loknum sagði ég frá komu Fontenay til mínum og hvert erindið hefði verið og hvernig það hefði fallið. Gerði Vilhjálmur Þór þá athugasemd, að samtalið í gær við Fontenay að því er stöðu hans varðaði eftir hans eigin ósk í lok samtalsins, skyldi teljast öldungis óformelt - við samþykktum það báðir - og væri það skríti að hann hlypi með það til allra annara sendiherra, og snéri sér nú til forsætisráðherra en ekki til utanríkisráðherra. Varð nokkurt lengra tal um þetta, sem Einar Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arnórsson tók líka þátt í og var ríkisstjóri viðstaddir samtalið og létt sitt álit í ljós um framkomu Fontenay áður fyrr og síðar.

Skrifað 31. ág. 1943 kl. 9,10 - 10 e.h.

Miðvikudagur 1. september:

Alþingi kom saman. Norðurlanda sendimenn, Fontenay, Esmark og Johansson, viðstaddir.

Fimmtudagur 2. september:

Ráðherrafundur um dýrtíðarmálin. Hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki til þess að greiða niður verð landbúnaðararfurða innanlands. Láta þingið eiga við framlenging verðlækkunarskatts til útflutningsuppbóta kjöts.

Föstudagur 3. september:

Fontenay kom og kvaðst vilja gefa út yfirlýsingum afstöðu sína vegna atburðanna í Danmörku. Ég hvatti hann ekki til að hraða því, en hann spurði hvort það mundi hafa áhrif á sambandsmálið. Ég kvað engu verulegu myndi skifta. Hann vildi yfirlýsinguna bæði vegna útlendinga hér og Dana búsettra hér.

Laugardagur 4. september:

Fundur kl. 11 með formönnum flokkanna. Var þeim sagt, að stjórnin mundi nota heimild dýrtíðarlaganna um að greiða niður landafurðir á innlendum markaði

með hækjun á verði áfengis og tóbaks. Þetta kom flatt upp á þá, en þeir tóku þessu ekki illa.

Fontenay gaf út yfirlýsingum sínum um, að hann héldi áfram störfum sem áður samkvæmt áður fengnu umboði konungs.

#### Sunnudagur 5. september:

Fór til Þingvalla í gær og kom þaðan aftur í dag. Er nú lokið veru minni í konungshúsinu hjá Birni Ólafssyni og hans framúrskarandi yndislegu og gáfuðu konu. - Mun ekki dvelja þar framar - a.m.k. ekki á þessu ári - . Hvað framtíðin ber í skauti hulið. Þau flytja aftur í bæinn eftir helgina.

#### Mánudagur 6. september:

Afgreitt með afbrigðum á Alþingi breytingatillaga á lögum um einkasölu á tóbaki. Björn Ólafsson bar hita og þunga dagsins.

#### Priðjudagur 7. september:

Talaði við biskup um endurreisin Skálholtsstaðar. Um Bessastaðakirkju. Að afnema hana sem safnaðarkirkju. Leggja niður kirkjugarðinn. Nota kirkjuna fyrir skjala-geymslu og eventuelt til geymslu kirkjugripa. Ennfremur að sjá um að börn setuliðsmanna fái íslenzk nöfn.

#### Miðvikudagur 8. september:

Fjárlaga útværpsumræður. - Allt í beyglum um hvernig

fer um fjárráð stjórnarinnar til þess að halda niðri vísitölu og verðbólgu. Þeim er í hug að svifta hana umráðum verðhækkunarinnar á áfengi og tóbaki í þessu skyni. Eysteinn Jónsson þver og snúinn og Hermann Jónasson líka. Þeir og bænda fyrirsvarsmennirnir ekki öruggir um uppbætur á útflutt kjöt.

Fimmtudagur 9. september:

Ráðherrar áttu tal við fjárhagsnefndir um tóbaks-hækkun, dýrtíð o. fl. Við höldum okkar stryk hvað sem þeir gera.

Vilhjálmur Þór talaði við Esmark út af Norðmanni einum, sem kominn er og telur sig umboðsmann norsku stjórnarinnar. Norðmenn munu sækja á úr þessu. Allur er varinn góður fyrir okkur. Það er bezt að hafa gát á atlótum þeirra.

Föstudagur 10. september:

Enn þá vandséð hvernig flokkarnir taka undir lækkun dýrtíðarinnar eftir 15. þ.m.

Ég talaði fyrir erfðalagafrumvarpi, Einar Arnórs-son fyrir skiptingu lögmannsembattisins.

Við verðum að halda okkar stefnu til streitu í dýrtíðarmálínus.

Laugardagur 11. september:

Sigurður Eggerz heimsótti mig með sínum eiginlegu elskulegheitum. - Félag héraðsdómara heldur nú aðalfund sinn. Ég kom þar samkvæmt ósk formanns Gísla Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinssonar.

Sunnudagur 12. september:

Félag héraðsdómarara fór að Bessastöðum kl. 3 í boði ríkisstjóra. Ég bauð í bíl minn Gísla Sveins-syni og nestor dómaranna Sigurði Eggerz. Var þetta mjög ánægjulegt og fóru allir aftur kl. 6 1/2.

Mánudagur 13. september:

Dómsmálaráðherra heldur héraðsdómurum veizlu að Hótel Borg. Ég var þar.

Priðjudagur 14. september:

Ráðherrafundur um ákvarðanir að halda niðri verðlagi innanlands á kjöti og mjólk. Skrifað Alþýðu-sambandinu og Búnaðarfélagi Íslands og flokkunum.

Miðvikudagur 15. september:

Afgreidd bréfin, sem um getur í gær. Kom ekki á þing í dag.

Fimmtudagur 16. september:

Ríkisráðsfundur. - Landlæknir ræddi ýms mál við mig.

Föstudagur 17. september:

Alþýðusambandið og Búnaðarfélagið samþykkja og tilnefna menn, þrjá hvort, í dýrtíðarnefnd. Þetta er nú mitt verk, að hverju sem verður.

kjötverðlagsnefnd. Einar Olgeirsson sagði að byrjað væri að kvikna í. "Pið hafið borið íkveikjuna að", sagði ég. - Stjórnina sakar ekki ennþá. Hún hefur bjargað sér í bili með sínum dýrtíðarráðstöfunum. Niðurfærsla kjöts og mjólkur með áfengis- og tóbaks hagnaði.

Laugardagur 18. september:

A sínum tíma stakk ég upp á því við Vilhjálm Þór að senda Stefán Jóhann Stefánsson til London á fiskiþing ásamt Árna Friðrikssyni og þriðja manni. Hann vildi fá Einar Arnórsson til að fara. Einar hafnaði eftir íhugun. Nú hefur Stefán Jóhann tekið vel undir að fara þessa sendiför.

Einar Arnórsson bar undir mig meðferð afsetningar Sigurðar Einarssonar dósents. Ég vil suspendera hann og skipa commissorium þá Árna Tryggvason og sr. Bjarna vígslubiskúp. Einar var á því. Hvað verður, ekki gott að vita.

Sunnudagur 19. september:

Mánudagur 20. september:

Biskup hringdi viðvíkjandi Bessastaðakirkju og sammála mér um að láta húsameistara skoða og meta viðgerðir.

Ég nefndi við Einar Arnórsson að taka saman greinargerð um skilnaðarmálið. Það mundi ef til vill þurfa á þvílíku að halda áður en varir. Hann tók því vel.

Priðjudagur 21. september:

Guðlaugur Rósinkranc bað mig að skrifa ávarp í "Norræn jól". Ég lofaði engu og veit ekki hvort ég geri bað.

Talaði við Guðjón Samúelsson um viðgerð á Bessastaðakirkju.

Miðvikudagur 22. september:

??  
Talaði við ríkisstjóra, biskup og Guðjón Samúelsson um Bessastaðakirkju og kirkjugarð og kostnað við aðgerð og nýjan grafreit.

Svar komið frá London og Washington viðvíkjandi setmiliði.

Rússar vilja senda hingað sendiherra.

Fimmtudagur 23. september:

Utanríkismálaneftarfundur um Rússasendiherra. Ólafur Thors var eitthvað tvíbentur um að svara með sendiherra, sem stjórnin lagði til. Aðrir fundarmenn með, einnig Jóhann Jósefsson og Magnús Jónsson.

Ólafur Thors gerði fyrirspurn í sameinuðu þingi utan dagskrár um hvenær stjórnin ætlaði að afla sér heimildar þingsins til þess að verja fé úr ríkissjóði til þess að greiða niður vísitöluna. Spurningunni var beint til fjármálaráðherra, sem ekki var viðstaddur.

Kvaðst ég mundu flytja honum fyrirspurnina og mundi hann síðan tilkynna hvenær henni yrði svarað. Morgunblaðsliðið var mjög spennt og má búast við hnútum þaðan á morgun.

Föstudagur 24. september:

Milli landlæknis og míni varð samkomulag um að Guðmundur Karl Pétursson færi á kongress skurðlækna í U.S. ef hann óskaði, annars Eggert Steinþórsson, sem er vestra.

Talaði við ríkisstjóra um 1. desember og kom okkur saman um að bext væri ef Einar Arnórsson héldi fræðilega hlutlausa ræðu í útvæpi á þessu 25 ára afmæli. - Annars töludum við um sendiherra í Moskva. Helzt Pétur Benediktsson og láta Stefán Þorvarðarson fara til London en Ágnar Kl. Jónsson í sæti Stefáns. En hvernig fer petta ?

Laugardagur 25. september:

Langur fundur í utanríkismálanefnd. Utan dagskrár gerði Magnús Jónsson fyrirspurn um sendingu Stefáns Jóhanns Stefánssonar á fiskiráðstefnu í London. Varð um petta nokkur um-ræða og varð ég dálítið illur og hreytti úr mér. Efast ég um að það hafi borgað sig fyrir Sjálfstæðismennina að hefja þessar umræður. Við sjáum til.

Sunnudagur 26. september:

Árni Pálsson kom og sagði mér að þeir "270" ætluðu að gefa út ritling með allmögum smáritgerðum varðandi sambandsmálið. Hann talaði ýmislegt og taldi Ólaf Thors haga sér óhyggilega og léti um of leiðast af höfuðráðunaut sínum Bjarna Benediktssyni. - Jóhann Sæmundsson kom og talaði um sama efni og sýndi mér ritgerð sína og gerði ég athugasemdir við nokkur atriði.

Mánudagur 27. september:

Ráðherrafundur á skrifstofu ríkisstjóraritara um svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Thors. Hafði Björn Ólafsson samið svarið að mestu, og var það ítarlegt og greinagott. Conclusion: Þingið verður að taka af stjórninni ef því þóknast heimild þá, sem hún hefur til greiðslma og taka síðan afleiðingunum. Stjórnin leitar engrar heimildar hjá þinginu, því að hún hefur hana nú.

Priðjudagur 28. september:

Björn Ólafsson flutti svar sitt og Ólafur Thors talaði síðan alllangt mál og lýsti óánægju yfir svarinu og andmælti rétti stjórnarinnar til þess að nota fé til uppbóta án þess að leita fyrirfram úrskurðar þingsins um það. Ólafur ~~skaut~~ skaut svo máli sínu til málsvara annara flokka og bað þá láta til sín heyra. Einar Olgeirsson gerði það og vísaði til frumvarpsins, sem nú væri borið fram í Efri deild, sem afnemur heimild stjórnarinnar. Aðrir þögðu og Björn Ólafsson tók ekki til máls aftur. - Nú standa sakir svo, að stjórnin má búast við árás að nýju.

Miðvikudagur 29. september:

Einar Arnórsson lofaði að tala um sambandsmálið 1. desember í útvarp, ef hann hefði tíma til.

Fundur í utanríkismálanefnd. Tillaga frá Ólafi Thors um að nefndin og ríkisstjórnin samþykki yfirlýsingu til trausts og halds Pétri Benediktssyni

sendiherra út af ræðu hans á samkomu Dana í London. Alþýðublaðið hafði ráðist á hann fyrir ræðuna. Þetta varð mikið umræðuefni, en gufaði að lokum upp með uppástungu frá mér um að samin væri siðabók ( Codex ethicus ) fyrir sendimenn okkar. - Þá kom málid um birtingu skjala í sambands- og lýðveldismálínú til umræðu. Nefndin hafði eiginlega áður samþykkt þessa birtingu en nú voru aðeins Einar Olgeirsson, Stefán Jóhann Stefánsson og Jóhann Jósefsson með og málínú frestað. Nú lýsti ég skorinort afstöðu stjórnarinnar - sem þó var aðeins frá eigin brjósti -. Sagði ég, að stjórnin hafi frá upphafi verið mótfallin að birta þessi skjöl öllum almenningi, innlendum og útlendum. En misbrúkun flokkanna á einum og öðrum skjala þessara og ítrekuð krafa Einars Olgeirssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar um birtingu, hefði komið fram, og stjórnin hefði vegna aðstöðu sinnar til þingsins, enga tillögu gert. Málið væri alveg á valdi utanríkismálanefndar. Stjórnin vildi enga ábyrgð á birtingu skjalanna bera.

Fimmtudagur 30. september:

A fundi sjávarútvegsnefndar vegna sendinefndarinnar á fiskiráðstefnuna í London.

I dag mikilsháttar fundir sagðir vera í Sjálfstæðisflokknum og Sózialistaflokknum. Líklega um hvernig bera á sig að gagnvart stjórninni um verðuppbætur o. fl.

Föstudagur 1. október:

Ríkisráðsfundur í morgun. Ríkisstjóri minntist á hvort ráðherrar ætluðu eða vildu skifta sér nokkuð af umræðum blaðanna í lýðveldismálinu. Æg sagðist ekki vilja það fyrir mitt leyti, þótt Morgunblaðið endurprenti árás Bjarna Benediktssonar á mig í ræðu hans hinni löngu á Pingvöllum 18. júní.

Útvegaði mér Oppenheim, sem Bjarni Benediktsson skírskotar til um vanefndakenningu sína.

Laugardagur 2. október:

Er að böggla saman ávarpi í Norræn jól handa Guðlaugi Rósánkranz.

Sunnudagur 3. október:

Álappalegar og ósannar ádeilur á stjórnina í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins. Er blaðið sýnilega í mjög slæmu skapi út af því hvernig Ólafur Thors og kumpánar eiga að snúa sér út úr frumhlaupi sínu í garð stjórnarinnar vegna niðurgreiðslu verðs á kjöti og mjólk.

Mánudagur 4. október:

Benti Jóni Blöndal á að rétt væri fyrir hann að kynna sér vandlega það, er Oppenheim segir, er hann ræðir um vanefndir milliríkjjasamninga. Muni túlkun Bjarna Benediktssonar á skoðun Oppenheim vera stórlega hæpin og líklega fullkomlega röng. Æg sýndi Einari Arnórssyni einnig þessa staði í Oppenheim. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Priðjudagur 5. október:

Emil Jónsson spurði á þingi hvort komin væri í hendur stjórnarinnar yfirlýsing þeirra "28" - þingmanna - um uppbótargreiðslur á útflutningskjöt. Æg svaraði: "Nei, ekki í mínar hendur og ekki kunnugt um að hún væri komin í hendur öðrum ráðherrum."

Jón Blöndal ætlar að koma á framfæri óbrjálaðri skoðun Oppenheim.

Miðvikudagur 6. október:

Jónas Jónasson sagði mér að Framsókn ætlaði nú að "leggja línu" í sjálfstæðismálinu.

Endaði við ávarp mitt í Norræn jól.

Nú er afráðið að lögmannsembættinu verður skipt og þá verð ég ekki lögmaður aftur. Æg sé eftir því embatti.

Fimmtudagur 7. október:

Ekki þykir leika vafi á því að frumvarp Brynjólfss Bjarnasonar um breytingar á dýrtíðarlögunum sé áhlaup á stjórnina. Hvernig sem það tekst.

Hermann Jónasson sagði mér að sjálfstæðismálið hafi verið til umræðu hjá framsóknarmönnum í gær og í stjórnarskrárnefnd í dag. Sagði hann, að æskilegt væri fyrir hægfara menn að vita hverja afstöðu stjórnin muni taka í málinu. Ekki mundi þó til þess koma fyrr en eftir nýjár, að málið kæmi fyrir þingið. Æg svaraði Hermanni litlu, en sagði að ekkert lægi á fyrir stjórnina.

Föstudagur 8. október:

Guðmundur Karl Pétursson kom og þakkaði fyrir frama þann, er honum væri veittur með því að senda sig á lækna kongress í U.S. Hann er laglegur maður og kemur vel fyrir.

Nú var önnur umræða í Neðri deild um skifting lögmannsembattisins. Hún samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum. Æg þagði um málid en petta fékk samt á mig í sæti mínu, að sjá klofið og afmáð petta embætti, sem mér þótti svo vænt.

Dýrtíðarfrumvarp Brynjólfss Bjarnasonar til umræðu í Efri deild. Þeir spreyta sig á þessu Kommar og Ólafur Thors til þess að hrella stjórnina. Æg kom þar ekki. Björn Ólafsson var þar aðeins áheyrnarfulltrúi og sagði ekkert, sem rétt var. Petta er allt loddaraleikur Ólafs Thors.

Laugardagur 9. október:

Landlæknir talaði við mig um að stofna fávita-hæli á Kleppjárnsreykjum. Æg er fylgjandi þessu og þarf það að komast til framkvæmda.

Jónas Jónsson talaði við mig í síma lengi um ýmislegt. Atkvæðasöfnun Jarðar og hvort stjórnin hefði í fyrra lofað nokkrum styrk til þess. Þjarstæða. Þá spurði hann um afstöðu stjórnarinnar þegar frumvarp Brynjólfss hafi verið samþykkt. Æg sagði ekkert mundi hugsað um það fyrr en frumvarpið hefði gengið í gegnum Efri deild.

Talaði við Jón Blöndal um Oppenheim og ætlar hann eitthvað að gera.  
Einkaskjalasafn dr. Juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunnudagur 10. október:

Kirkjuping að hefjast fyrir atbeina kirkjuráðs (Gísla Sveinssonar). Gísli Brynjólfsson predikaði í dómkirkjunni og kvað kirkjuna ekki verða endurlífgaða með ytri vegsemd, bættri aðbúð þjóna hennar. Nýtt líf yrði að færast í prestana. Með því að týna lífinu mundu þeir öðlast lífið. Hann talaði eins og útvalinn herrans þjónn, en ekki sem þjónn stundlegrar umhyggju. Ekki örgrannt um, að sneitt hafi verið að veraldarhyggju prestanna nú og baráttu þeirra fyrir góðum embættishúsum og launum.

Mánudagur 11. október:

O. Björnsson  
 Björn/ritstjóri Jarðar spurði mig vegna ummæla Helgafells: Hvort Jónas Jónsson hefði í fyrra "gengið á fund minn til þess að fá fé handa Jörð til þess að láta fara fram atkvæðakönnun, sem þá fór fram?". Ég sagði: "Hann hefur ekki gengið á fund minn."

Samþykkt á ráðherrafundi að greiða að fullu verðbætur á ull og gærur samkvæmt ályktun Alþingis  
 ?  
 28. ágúst 1942 miðað við 22 1/2 %.

Priðjudagur 12. október:

Hitti ríkisstjóra og sýndi honum ávarp mitt í Norræn jól. Við töluðum um nauðsyn þess að skipuleggja utanríkisþjónustuna heima og erlendis þannig að ávalt væri hægt að senda einn mann úr einum stað í annan þegar nauðsyn bæri til. - Þá töluðum við um afstöðuna til Danmerkur, hve óhyggilegt það væri að fara þar rasanda ráði og með óðagoti, og ná mætti alveg settu Einkaskjalasafn dr. Juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

marki án þess að móðga Dani. Þá væri það og allt í óvissu hvenær Bretar vildu viðurkenna lýðveldið.

Miðvikudagur 13. október:

Skrifaði Hermanni Jónassyni bréf um að rýma ráðherrabústaðinn tafarlaust því að stjórninni væri nauðsyn að hafa umræð hans til þess að halda þar uppi risnu.

Skýrslur Björns Ólafssonar og Vilhjálms Þórs um olíumálin, miklar umræður.

Ríkisstjóra þótti ávarp mitt heldur kalt og óskaði að ég vildi skjóta inn einni setningu, sem ég gerði.

Fimmtudagur 14. október:

Gísli Sveinsson kom og talaði við mig um hverja afstöðu stjórnin mundi taka til afgreiðslu lýðveldisfrumvarpsins. Mundi það líklega koma fyrir eftir nýjár, og lýðveldisnefndin óskaði að þing yrði kvatt saman fljótt eftir nýjárið. Við töludum saman í trúnaði og ég sagði honum hreint og beint mína meiningu um sum atriði en í fullum trúnaði. Ég sagði honum að ég hefði animosetet gegn því að fastbinda gildistökuna við 17. júní. Ennfremur hefði ég mikinn beyg af aðvörun frá Bretum, ef þeim findist ekki að öllu löglega farið, því að þeir vildu hvergi gera konungdómi "the royalty" miska. Ég sagði honum, sem satt var, að ég hefði aldrei hótað þingrofi út af sambandsmálinu.

Síðan fór ég til Bessastaða með Vilhjálmi Þór og töluðum við um ráðherrabústaðinn, risnu og sambands-Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málið. Mér skildist á ríkisstjóra að hann mundi lítt fáanlegur til að gefa kost á sér sem forsetaefni, ef forseti yrði sneyddur völdum og afsetjanlegur svo sem gert væri ráð fyrir í frumvarpi lýðveldisnefndar. Þá töluðum við um endurskipun utanríkisráðuneytisins svo og um sendiherrastöður og regulativ fyrir þessa þjónustu alla.

Föstudagur 15. október:

Sagði Einari Arnórssyni frá erindi Gísla Sveinsonar og líka samtali mínu við Hermann Jónasson 7. p.m. Einar mun vera á því, að við gerum lýðveldismálið ekki að fráfararsök þótt svo kunni að fara, að okkur líki ekki alveg aðferðin.

Laugardagur 16. október:

Halldór Jónasson kom til mína í pólitískum erindum. Ég tók ekkert undir ráðagerðir hans og taldi þær til einskis stuðnings fyrir stjórnina.

Sunnudagur 17. október:

Fór með Einari Arnórssyni upp í Skíðaskála og talaði við hann um erindi Halldórs Jónassonar, sem hann þó vissi áður. Hafði hann sagt Halldóri og sendimanni hans, að stjórnin vildi ekki binda sig við tilraun til neinnar flokksmyndunar. En sökin er sú, að þeir eru að reyna að sameina Ísland og Þjóðölf og koma Árna frá Múla á stjórnarframfæri.

honum allt af léttu eftir því sem við átti, þ.á.m., að ég vildi ekki taka Árna frá Múla á stjórnararma. Þingprof kæmi ekki til mála. Af því stafaði hinn megnasti ófögnudur fyrir land og lýð, verkföll, verðbólga, lýðveldismál, allt kæmist í óreiðu. Sá hann að stjórnin vildi ekki víkjast undir hans mál.

Mánudagur 18. október:

Einar Arnórsson sagði mér frá viðtali við Magnús próf. Jónsson alþingismann um sambands- og lýðveldismálið. Þótti honum ekki viðunandi að hafa stjórn til að framkvæma lýðveldisáformið í vor, sem ekki fylgdi því af áhuga, þótt hún loyalt og formlega vildi sjá um framkvæmdina. Kemur hér fram, sem vitað er, að "sjálfstæðis og lýðveldishetjunum" er ekki ljúft ef svo skyldi takast til, að núverandi stjórn ætti það eftir, að framkvæma samþykktir Alþingis í þessum efnunum og fá ef til vill nafnið "lyðveldisstjórn".

Priðjudagur 19. október:

Pátttaka Íslands í hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða. Vilhjálmur Þór sagði mér að nefndarkostnaður Íslands við matvælaráðstefnuna í Hot Springs væri 3 þús. dollarar en U.S. 10 þús. dollarar. Er petta sýnishorn af því hversu mikil fásinna það er fyrir okkur að ætla sér að taka þátt í svona ráðstefnum ef niðurjöfnun kostnaðar er með þessum hætti.

Talaði við Gísla Sveinsson og var hann sem í fyrra sinn ákveðinn í því, að þingið yrði kallað

saman strax eftir nýjár.

Miðvikudagur 20. október:

Sat á þingi undir óhugnanlegum umræðum. Ólafur Thors og Eysteinn Jónsson ræddu í 2 stundir um drengskapar- og eiðrof Ólafs. Það getur hver trúð því sem honum sýnist í þessu máli. Ólafur Thors las gaumgæfilega orðaða skýrslu, en Eysteinn endurtók staðhæfingar sínar um brigð Ólafs. Það sannast æ sem líður, að þingið fær engu afkastað af ærlegu verki. En hvað getur stjórnin gert til að ráða bót á þessu ?

Fimmtudagur 21. október:

Hermann Jónasson talaði við mig í dag. Er hann nú kominn öruggt á línu hægfara manna. Vill gera hið bezta sem unnt er. Er sammála mér um ~~tímann~~ tímabilið 17. maí 1941 - 17. maí 1944 = 3 ár. Taka enga fullnáðarákvörðun fyrir þann tíma. Markið þarna. Hann vill forseta þjóðkjörinn með meira valdi en stjórnarskráfrumvarpið gerir réð fyrir. Hann vill ekki að þríflokkarnir taki sig saman og útiloki Alþýðuflokkinn og vill bíða með flokslegar ákvarðanir þar til Stefán Jóhann Stefánsson kemur heim.

Föstudagur 22. október:

Ráðherrafundur um flugvöllinn í Reykjavík. Spurning um "immovable installations". Sendiför Magnúsar Sigurðssonar á fund Hjálparstofnunar sameinuðu þjóðanna og hverir aðrir skyldu fara. Ennfremur um afstöðu

stjórnarinnar til dýrtíðarfrumvarps Brynjólfss Bjarnasonar og svar við því. Björn Ólafsson semur yfirlýsingum. - Vilhjálmur Þór vakti máls á því, hvort stjórnin ætti ekki að fara að hugsa sér að taka opinberlega afstöðu til "sjálfstæðismálsins".

Laugardagur 23. október:

Var á fundi í sjávarútvegsnefnd Efri deildar um striðsslysatryggingar. Gísli Jónsson var þar allt í öllu og vill gera þar socialt þarflegt verk, sem ég styð hann í.

Var við háskólastettingu. Árni Pálsson hefur nú fengið lausn frá embætti sökum aldurs 65 ára eftir 12 ára starf. Rektor Jón Hjaltalín Sigurðsson sagði, er hann gat þessa, að Árni Pálsson væri minnugur, fróður og hnittinn í orðum, annað ekki. Ennfremur gat rektor þess, að Sigurður Einarsson docent væri undir sakamálsrannsókn vegna kæru samkennara hans. Það var ekkert hátíðlegt við þetta og þjóðsöngurinn var ekki leikinn eða sunginn.

Sunnudagur 24. október:

Hitti Howard Little, sem sagði, að hann væri hræddur um fjárhagsástand Íslands eftir strið. Hann óttaðist ennfremur um samhældni U.S. og Bretlands eftir strið, því að sannleikurinn væri sá, að hvorir um sig liti niður á hina (contempt). Hann gat og þess, að Ameríkanar væru langtum siðlátari nú en þegar ~~hann~~ peir komu fyrst hingað til lands.

Íslendingar hefðu kennt þeim betri siði. Þetta sáist glögglega m.a. á framkomu þeirra í sölubúðum.

Mánudagur 25. október:

Nú gengur orðrómur í bænum um nýja stjórn. En þetta er vitleysa í bráð. Þessi stjórn er sögð að eiga að styðjast við samband Sjálfstæðis og Sósíalistar. En hvað, sem er um þetta, þá er það vízt, að miklar umræður og fundir eru um þessar mundir milli Bjarna Benediktssonar og Ólafs Thors annarsvegar og Brynjólfss Bjarnasonar og Einars Olgeirssonar á hina, en Sigfús Sigurhjartarson er hægri hönd Bjarna Benediktssonar.

Priðjudagur 26. október:

Hermann Jónasson hringdi til míni út af samdrætti S. + S. ~~xxxxxx~~ mannanna og varð það að ráði eftir ósk minni, að hann kæmi á fund okkar ráðherranna kl. 2 1/2, og svo varð. Sagði hann, að S. + S. menn ætluðu að nota Sjálfstæðismálið sem flotholt og útiloka Alþýðuflokkinn. Bindast samtökum nú þegar og flytja þjóðinni þann boðskap. Að gerð skyldi þingsamþykkt um sjálfstæðismálið á ákveðnum degi og Alþýðuflokkurinn yrði látiinn vera utan gátta. Brugg þetta færi á milli svo fárra í Sjálfstæðisflokknum, að líklega vissu það ekki fleiri en svo sem prír menn og ekkert væri gert uppskátt öðrum flokksmönnum. Framsókn vill ekki taka þátt í útilokun Alþýðuflokkssins. Stjórnarskrárnefnd er skipuð premur úr S. S. flokki, Alþýðuflokkurinn útilokaður og Frasmókn á erfitt. Við ákváðum að biða til morguns með

aðgerðir en Hermann hringdi aftur til míni í kvöld.

Miðvikudagur 27. október:

Ráðherrafundur í skrifstofu ríkisstjóraritara aðallega um skilnaðarmálið, eitthvað yrði að gera út af bruggi S. + S. manna. Ákveðið var að fresta fundi til morguns samkvæmt tillögu Björns Ólafssonar.

Fimmtudagur 28. október:

Ákveðið á ráðherrafundi að auglýsa á opnum fundi í sameinuðu Alþingi, að stjórnin muni fylgja fram ákvörðunum Alþingis í sambands- og lýðveldismálinu hvenær, sem Alþingi telur heppilegast að taka súlikar ákvarðanir. Stjórnin telji það sérstaklega eins og nú standa sakir hlutverk sitt að vinna að einingu Alþingis í málinu og vinna að samhug bings og þjóðar. Stjórnin leggur til grundvallar fyrir afstöðu sinni til lýðveldissstofnunarinnar og lausn sambandsmálsins hið raunverulega ástand eins og það er nú. Einar Arnórsson tók að sér að gera uppkast að rökstuðningi fyrir yfirlýsingu stjórnarinnar.

Eysteinn Jónsson kom og sagði að Framsókn mundi vilja samþykkja framlengingu verðlækkunarskatts til þess að hamla gegn dýrtíðinni.

Föstudagur 29. október:

Bað ríkisstjóra leyfis til að halda ráðherrafund á Bessastöðum. Það veitt. Komum þangað kl. 4,15. Var Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar gengið í gegnum uppkast Einars Arnórssonar og var það samþykkt með nokkrum breytingum og úrfellingum. Ríkisstjóri virtist taka málinu vel og gerði hann engar athugasemdir en hann ~~mis~~ var aldrei að því spurður hvort hann féllist á yfirlýsinguna. Það er tilkynnt að yfirlýsing stjórnarinnar komi á mánuðag. Fórum frá Bessastöðum kl. 6,40.

Laugardagur 30. október:

I dag gengið til fullnustu frá tilkynningu stjórnarinnar um lýðveldismálið. Yfirlýsingin hefluð og breytt nokkuð að orðalagi.

Gísli Sveinsson kom á minn fund og Einars Arnórssonar vegna dagskrár í sameinuðu þingi á mánuðag. Ósk-aði hann að vita meginefni tilkynningarinnar. Fékk hann það með loforði um trúnað til mánuðags.

Arni Pálsson hringdi og spurði hvort hann mundi gleðjast eða hryggjast. Eg sagði ~~minnum~~ að hann mundi ekki gleðjast. - Annars er ekki gott að segja hvernig þetta verkar á þá "270" og Alþýðublaðsmennina.

Sunnudagur 31. október:

Fór upp að Saurbæ á Kjalarnesi og afhenti Ólafi 300 kr. sem tillag til kirkjugarðsbyggingar þar. Kom við í Móum en húsráðendur ekki heima. Hefi annars engan hitt eða talað við neinn. Eg er rólegur en óviss um undirtektir innan lands og ~~minn~~ utan. Fáum við aðvörðun í þriðja sinn? Frá Bretum? Þá er úti um mína pólitík.

Mánudagur 1. nóvember:

Allraheilagramessa. Fundur í sameinuðu Alþingi settur kl. 1 1/2. Þá flutti ég yfirlýsingu stjórnarinnar. Péttskipuð öll áheyrendasvæði. Flutningurinn mun hafa tekist vel. ~~Sæinnaxáxfundi ruddist Bjarni~~

Seinna á fundi ruddist Bjarni Benediktsson að mér í bingsalnum og þakkaði mér fyrir ræðuna og óskaði mér til hamingju. Ég held hann hafi meint það. Sama gerði Jakob Möller o. fl.

<sup>smenn</sup>  
Alþýðuflokkurinn eru í öngum sínum. Jón Blöndal kvað sig stunginn í bakið. Það er ekki rétt, en skiljanlegt að honum sárni. En Alþýðuflokksmenn hafa tapað sínu máli og mega líklega vera mér og stjórninni pakklátir. - Hinir "270" verða líka óánagðir.

En þetta er nú skeð og ég trúi og treysti því, að pólitík stjórnarinnar sé rétt, því að samnarlega hefði það verið óútreiknanlegur óskundi ef hinrar sögðu ráðagerðir S. + S. manna hefðu komist til framkvæmda.

Útvarpið tók ræðu mína á plötu og útvarpaði henni í kvöld. Ég þekkti ekki rödd mína en kannaðist við taktinn. Að taka upp ræðu með þessum hætti finnst mér óskemmtilegt fyrir ræðumann.

Priðjudagur 2. nóvember:

Ólafur Thors tók mjög alúðlega í hönd mér og sagði, að stjórnin gæti nú verið róleg fyrst um sinn.

Jónas Jónsson sagði að yfirlýsing stjórnarinnar þætti alstaðar góð og viturleg. Sama hafa aðrir sagt.

Ekkert hefi ég heyrt frá þeim "270" eða hvað Alþýðuflokkurinn ætlar að taka upp. Stefán Jóhann Stefánsson er enn í Englandi.

Tilkynningin var lesin í dag í danska útvarkinu í London. Fontenay hefur sent hana þangað.

Miðvikudagur 3. nóvember:

Einar Arnórsson krafðist þess, að ég gengi nú loks í það að fá því framengt, að ráðherralaunin yrðu hækkuð. Ég gekkst undir það ásamt með Birni Ólafssyni að tala um þetta við formann fjárveitinganefndar Pétur Ottesen.

Fimmtudagur 4. nóvember:

Við Björn Ólafsson töluðum við Pétur Ottesen um hækjun ráðherralaunanna, sem hann tók vel undir, en óskaði, að við kæmum á fund fjárveitinganefndar.

Fjárlagaumræða.

Föstudagur 5. nóvember:

Pór  
Vilhjálmur ~~Þóra~~ vill alls ekki koma á fund fjár-

veitinganefndar í launahækkunarerindum og mun Jónas Jónsson flytja málíð fyrir nefndinni.

Fjárlagaumræða.

Laugardagur 6. nóvember:

Ross, breski sendifulltrúinn, viðfeldnasti maður, er nú á fórum.

Sunnudagur 7. nóvember:

Halldór Jónasson hringdi vegna skeytis til Vilhjálms Finsen á 60 ára afmæli hans. Halldór sagði að margir hinna "270" væru gramir. Það er meira en skiljanlegt, því að þeir sjá, að þeirra pólitík getur ekki fengið byr. Aðferð stjórnarinnar var orð í réttan tíma talað hygg ég óhætt að segja. Náttúrlega mátti haga orðum öðruvísni þó með sömu meiningu.

Mánudagur 8. nóvember:

Talaði við ríkisstjóra um hátíðahöld 1. desember. Veizlu, reception, ræðuhöld ~~xxxx~~ etc. Hann er samþykkur þessu. - Talaði við collegana alla um þessa hluti á ráðherrafundi og virðist það sammæli að eitt-hvað þessu skuli fram fara.

Talaði við Jóhann Sæmundsson; hann er ekki mjög ~~xx~~ gramur.

Priðjudagur 9. nóvember:

Arni frá Múla ræðst harkalega og lítilsvirðandi á mig í blaði sínu Ísland. Bregður mér um "hringsnúning" Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í sambandsmálinu frá 1. desember 1942. Ef rétt er skoðað, er þetta rangt. Ár er liðið síðan þá, og uppsagnarfrestur sambandslaganna verður vantanlega á enda áður en lýðveldisstofnun fer fram. Málið er á réttri leið nú, en var á rangri leið sumarið og haustið 1942. - Árni er gramur mér vegna þess, að stjórnin vildi ekki taka hann upp á sína arma í haust. - Alþýðublaðið prentar upp kafla úr ummælum Árna og segir "hringsnúning" minn ekki skiljanlegan.

#### Miðvikudagur 10. nóvember:

Ríkisráð í morgun. Einar Arnórsson ætlaði að náða Gotfredsen en við hinir vorum því allir andvígir, og var því máði frestað.

Fontenay bað um viðtal og lofaði ég honum því á morgun kl. 11. Hann hugsar vantanlega, að Árni frá Múla, sem nú er í kærleikum við hann, hafi með árás sinni á mig, gert mig nægilega þýðan til viðræðu.

#### Fimmtudagur 11. nóvember:

Fontenay kom kl. 11 og var til kl. 12.. Hann byrjaði á því að skýra frá því, að erindi sitt væri að fá nánari skýringar á yfirlýsingu stjórnarinnar frá 1. p.m. og hvað á bak við hana lægi.

Eg sagði þá, að hann pekkti ef til vill íslenzkan málshátt frá tíð rímnaskáldanna, sem hljóði svo: "Mitt er að yrkja, ykkar að skilja." Annars sagði ég, að yfirlýsingin væri svo skýr, að vart yrði hún mis-skilin; teldi ég í rauninni óparft og vildi helzt vera

laus við að skýra yfirlýsinguna.

Þá spurði hann hvertmundi eiga að snúa sér um það annað en til míni. - Ég sagði, að stjórnin myndi gefa sína skýringu þegar þörf krefði.

Þá lýsti hann ánægju sinni yfir því, að Dönum væri ekki í yfirlýsingunni bornar á brýn vanefndir á ~~numnum~~ sambandslagasamningnum. - Ég tók undir það, að vakað hafi fyrir stjórninni, að láta það koma skýrt fram, að það væri ómöguleiki en ekki vanefnd, er hér væri um að ræða, og kveða þar með vanefndakenninguna alveg niður í pessu máli. Ástæðan fyrir útgáfu yfirlýsingarinnar nú, væri fyrst og fremst að reyna að þagga niður hin leiðinlegu blaðaskrif og deilur, sem ~~numnum~~ engum væri til gagns. - Fontenay skaut þá fram, að það kynni og að hafa vakað fyrir stjórninni að koma í veg fyrir samdrátt Sjálfstæðisins og Sósíalista um málið. - Til þessa sagði ég, að vitanlega hefði það ekki verið dulið fyrir stjórninni, að einmitt samkomulag þessara tveggja flokka sín á milli um þetta mál, væri ekki heppilegt eins og málum væri nú háttar. Því væri önnur ástæðan fyrir útgáfu yfirlýsingarinnar, og sú, sem mestu hefði ráðið, að efla einingu þjóðarinnar um málið.

Þá talaði Fontenay um, að það mundi ekki vera viðurkenndur international réttur, að okkur leyfðist að nema sambandslögin úr gildi einhliða, ef svo ætti að skilja yfirlýsinguna. Smáþjóðir gætu ekki tekið sér slikan rétt til að rjúfa samninga, þótt stórbjóðir leyfðu sér það. Þá talaði hann og um oheimild til að setja konung af.

Ég sagðist ekki nú vilja ræða um lögskýringar eða rétt okkar til nefndra aðgerða, og tók frá, að þótt ekki væri til fordæmi slíkt, sem það ástand, sem væri nú ríkjandi milli okkar og Dana, þá gæti það ekki ~~skuli~~ skorið á neinn hátt úr um þetta mál. Heimurinn væri breyttur frá því, sem var fyrr á tínum, og ekki væri fjarri lagi að hugsa sér, að rétturinn í mörgu falli væri háður og gæti fylgt líkri þróun og tæknin. Fyrir rúnum hundrað árum var ferðast á landi með hraða manna og hests, en nú væru flugvélar orðnar samgöngutæki.

Pá snérist samtalið að skandinavisku þjóðunum sérstaklega og samvinnu smáþjóðanna eftir stríð. Gremju Norðmanna í garð Svíá, sem þó færi minnkandi. Dementi Johansons á vissri frétt, sem Friid kom í útvarpið. Hann sagði Esmark og Johnson Skandinava en Friid Norðmann.

Pá bað hann mig að líta á danska þýðingu af ræðu minni 1. desember í fyrra og af yfirlýsingu stjórnarinnar 1. þ.m.-Løfaði ég að gera það án þess ~~mi~~ á minnsta máta að láta á því bera, að ég skildi hvað hann meinti með þessari ósk.

Pá komst hann að öðru aðalatriði erindis síns. Kvaðst hann telja það skyldu sína að láta uppi skriflega við stjórnina "Forbehold" af sinni hálfu sem sendiherra gagnvart yfirlýsingu stjórnarinnar. Væri það í samræmi við fyrri bréf sín frá 1941 og 1942, sem ég mundi hafa séð. - Ég sagðist auðvitað ekkert hafa til þess að segja, hann réði sínum gjörðum í því efni. - Hann taldi það mundi geta talist sem samþykki af sinni hálfu ef hann

léti ekkert til sín heyra, og teldi hann það skyldu sína vegna stjórnar sinnar að láta uppi slikt "forbehold", sem ekki bæri að skilja sem "protest", og hugðist hann ekki ætla að fara inn á lögskýringar í bréfinu. - Nefndi ég, að hann vildi láta í ljós einhvern "fyrirvara", og tók hann undir það.

Ég tók fram, að væntanlegt "forbehold" hans mundi vera að skilja af hálfu fyrrverandi stjórnar Dana, en ekki þeirrar ~~þájánum~~ stjórnar, sem nú fari með völd í Danmörku. - Játti hann því, að það væri stjórn Scavenius, sem hann ætti við, sem ekki hefði fengið lausn, en væri í stofufangelsi.

Annars skildist mér að Fontenay líta þannig á, að leysa yrði sambandsmálið fyrst og fremst frá stjórnsmálalegu sjónarmiði fremur en eftir lögskýringarreglum.

Ég sendi honum dönsku þýðingarnar eftir nokkra klukkutíma og kvaðst ekkert hafa við þær að athuga.

Kl. 9 1/2 - 10 1/2 e.h.

Föstudagur 12. nóvember:

Var á pingi og svaraði fyrirspurn og Ólafi Thors líkaði svarið illa.

Ég held eitt sé víst. Það er, að samúð sumra með mér í stjórnarsessinum hafi fjarð út eftir yfirlýsinguna 1. p.m., og vini hefi ég enga unnið við hana. Nú mun verða leitað allra bragða á annan veg innan Sjálfstæðisins til þess að hrella stjórnina og gera henni lífið ~~unfinnt~~ leitt. Ánægju hefi ég enga í stjórnarsessinum og mun svo lengstum verða, metnaður minn ekki nægilegur til þess.

Laugardagur 13. nóvember:

Morgunblaðið segir í grein í dag undir fyrirsögninni: Íslendingar í Höfn: "Við þurfum að tryggja sem bezt aðstöðuna gagnvart öðrum stærri þjóðum, og höfum tæpast ráð á að sleppa tækifærum, sem til þess gefast." Hvað meinar blaðsneypan með þessu? Vill það, að við flatmögum sem allra mest fyrir Ameríkönnum og slítum af okkur landa í Höfn og köstum þeim í gin nazista?.

Fiskifélagið skrifar mér og segist ætlað að biðja fjárveitinganefnd að veita Matthíasi bróður 3000 kr. eftirlaun á ári. Þessu hefur Emil Jónsson áorkað fyrir mig. Eftir er að vita hvað þingið segir.

Ég mun hverfa úr stjórninni 1944.

Sunnudagur 14. nóvember:

Gísli Sveinsson talar ekki af svélum Alþingis - hússins 1. desember því að stúdentar vilja ekki gera

honum ~~þáttum~~ sóma með skrúðgöngu heldur þeim einum, sem þeir velja. Getur verið að ríkisstjóri tali, vikist stúdentar hafa beðið hann þess en hann enn vikist undan. Gísli Sveinsson vill tala um kvöldið á undan

Einari Arnórssyni, en ég aðvaraði Einar um það og veit ekki hvað úr verður.. Æg talaði við Vilhjálm Þór um hvað gera skyldi 1. desember. Sömuleiðis talaði ég við ríkisstjóra og mlæti heldur með, að hann yrði við ósk stúdenta um að tala 1. desember. Æg talaði við formann stúdentaráðs. - Líklega verður reception í Alþingishúsinu og veizla í Oddfellowhúsinu fyrir þingmenn og frúr þeirra.

#### Mánudagur 15. nóvember:

Orðrómur um það, að Kommar og Sjálfstæði ~~x~~ ætli að flytja lýðveldisfrumvarpið inn á þingið nú á næstunni til þess að útiloka Alþýðuflokkinn og storkn <sup>a</sup> Framsókn, sem vill aukabing strax eftir nýjárið og samþykkja lýðveldisstjórnarskrá ~~num~~ og fresta reglulegu þingi.

Ekki veit ég hvort ríkisstjóri talar 1. desember.

Jónas Jónsson er ósköp vingjarnlegur nú og Frámsóknarmenn þýðir, aftur mun Ólafur Thors og félagar leita allra úrræða til þess að ~~komu~~ koma stjórninni í bobba, en stjórnin mun bera af sér lögir eftir föngum, þótt ekki eigi hún þess kost að hefja sókn eða vilja til að skera á ~~hnútum~~ hnútinn.

#### Friðjudagur 16. nóvember:

1. desember. Gísli Sveinsson vill fá að yfirlíta ræðu hans; ekki vil ég láta það eftir honum.

Morgunblaðið segir í morgun í grein undir fyrirsögninni: Aðalatriðið: " fyrsti forsetinn hefur í raun og veru þegar verið kjörinn. Um hann er enginn ágreiningur, hvorki á Alþingi né hjá þjóðinni."

Ég létt í dag ótvírætt uppi við Vilhjálm Þór einslega, að ég vildi ekki sæta því, að stjórnin væri lítilsvirt með framferði flokkanna í dýrtíðarmálunum. Okkar eini styrkur væri fólginn í því, að við héldum uppi sæmd okkar í augum þjóðarinnar og ef það tækist flokkunum að lítilsvirða okkur í augum almennings svo að hann tryði, væri okkar mission úti og ég vildi þá losna. - Sama sagði ég aftur í einrúmi við Einar Arnórsson.

Ég gef ekki túskilding fyrir að vera forsætisráðherra að nafni til án þess að hafa getu til að ráða nokkru um framvindu dýrtíðarmálsins og lausn sambandsmálsins á þingi.

#### Miðvikudagur 17. nóvember:

Ráðherrafundur: Sendiherra í Moskva: Pétur Benediktsson. London: Stefán Þorvarðarson. Skrifstofustjóri: Agnar Kl. Jónsson.

Björn Ólafsson veikur og hamlar það áframhaldi fjárlaga.

Gísli Sveinsson er gramur yfir útilokun hans af svöllum Alþingishússins 1. desember, en vill nú ólmur vera fyrstur að kveldinu á undan Einari Arnórssyni og

býst ég við að Einar láti það eftir honum. Gísli Sveinsson vill láta á því bera að hann komi fram ex officio fyrir Alþingi þó ekki hafi hann í þessu falli neitt sérstakt umboð til þess.

Annars er hin pólitísku atmosfera hin andstyggilegasta.

Fimmtudagur 18. nóvember:

Jón Axel Pétursson vill fá birta skyrslu sjódómsins út af Þormóðsslysinu. Ég sagði honum að ég mundi tala við félaga mína Vilhjálm Þór og Einar Arnórsson, er þetta heyrði undir.

Par sem Gísli Sveinsson vill endilega ~~tala~~ 1. desember á undan Einari Arnórssyni, er hann í dálitlum beyglum um hvort hann á að tala. Ég reyndi að stappa í hann stálinu og að hann talaði á "eftir fréttum" eins og áformáð var í upphafi. En hvað verður er ekki gott að vita.

Föstudagur 19. nóvember:

Alþýðublaðið segir á sína vísu frá tilraun Gísla Sveinssonar til að tala 1. desember frá svölum Alþingishússins. Gísli Sveinsson er óánægður yfir þessu.

Ólafur Thors réðist í umræðum á Vilhjálm Þór og ~~hann~~ bar honum á brýn ranga ~~hlífum~~ frásögn í ræðu af athöfnum Ólafs Thors í olíumálinu í fyrra. Ólafi Thors er illa við frumvarp stjórnarinnar í olíumálinu, en deildin er með bví. Hvað sem síðar verður vegna andstöðu brezku ~~hlífum~~ oliuhringanna?

Pétur Benediktsson vill ekki fara til Moskva, en nú er spurningin hvort hann kemst upp með það að vera kyrr. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Ólafsson kom í dag eftir veikindi.

Laugardagur 20. nóvember:

Allt í óflagi með veizluna 1. desember í Oddfellow-húsinu. Heimdallardrengirnir hafa fengið húsnæðið pennan dag og munu þeir studdir af vissum meiriháttar öflum til að rýma ekki fyrir stjórninni. Eina ráðið er að fá ráðherrahúsið rýmt og hafa veizluna þar. Vilhjálmi Þór bykir það ekki veglegt eins og það hús er nú til reika, en annað er ekki að gera.

Allt í grænum sjó um dýrtíðarráðstafanir og afgreiðslu fjárlaga. Það verða vandræðabeyglur úr þessu.

Arni frá Múla heldur áfram í Íslandi að veitast að stjórninni fyrir stefnuleyfi og smúning í sjálfstæðismálinu og eru öll hans skrif um þetta mintuð upp á mig.

Sunnudagur 21. nóvember:

Ráðherrafundur í morgun aðallega um að svara Pétri Benediktssyni út af mótpróa hans að fara til Moskva. Stjórnin heldur fast við ósk sína og er hún rökstudd. Líklega sér hann sinn kost beztan með því að samþykkja; annars verður stjórnin að kalla hann heim. - Talið er að fyrirmenn Sjálfstæðisins séu gramir út af ákvörðun stjórnarinnar um sendingu Péturs til Moskva.

Eldhúsumræður í næstu viku. Þar mun ég ekki tala nema brýn nauðsyn beri til.

Mánudagur 22. nóvember:

Óvissa og óhugnan ríki~~s~~ um dýrtíðarmálin, sem  
svo  
égi poli/illa. Vilhjálmur Þór vill þó sitja sem fastast  
og Björn Ólafsson mun fylgja honum nú en vel getur  
verið, að Einar Arnórsson rjúki upp og vilji fara,  
þó kannske ekki ef á á að herða.

Ekkert veit ég hvað ég á að segja á gamlárskvöld  
ef ég hangi við stjórn þangað til. Það skýrðst kannske  
eftir 1. desember.

Priðjudagur 23. nóvember:

Ríkisstjóri bað mig að líta á uppkast að ræðu  
hans 1. desember. Ég sýndi hana einnig collegum og  
kom okkur saman um, að ein setning mundi falla sumum  
fyrir brjóstið og mundi gerð að árásarefni á þá leið,  
að ríkisstjóri vildi draga lýðveldisstofnunina á  
langinn.

Gotfredsensmálið varð enn að misklíðarefni. Einar  
Arnórsson hótaði jafnvel burtför ef málið yrði sett á  
oddum en ég sagði það alltof smávægilegt til slíkra  
afleiðinga og mundi hann finna veg út úr því á aðra  
lund.

Miðvikudagur 24. nóvember:

Afhenti ríkisstjóra ræðuuppkast hans með athuga-  
sem. Hann verður við móttökum í Alþingishúsinu 1.  
desember og að kvöldi í ráðherrahúsinu. Annars verður  
stjórnin þ.e. að segja ég að taka á því sem til er  
til þess að fá húsið rýmt því að Sigurður Jónasson

situr fastur í íbúð Hermanns Jónassonar og Hermann  
i kemst ekki úr ráðherrahúsinu fyrr en Sigurður er með  
góðu eða illu rýmt burtu.

Útvarpsumræður úr "eldhúsinu". Björn Ólafsson talaði af hálfu stjórnarinnar vel og röksamlega.

#### Fimmtudagur 25. nóvember:

Útvarpsumræðum fram haldið. Annars ekkert verulega ráðist á stjórnina. Það er hin þöglu móttstaða og baktjaldamótstaðan, sem stjórnin á við að eiga. Enginn tók til máls af hálfu stjórnarinnar nú, en ræða Björns Ólafssonar í gær var tvímælalaust virðulegasta og bezta ræðan, sem flutt var við þessar umræður.

#### Föstudagur 26. nóvember:

Ligg í dag í influenzu. Veit ekki hvað gerist á þingi, en annars er spurningin um það hvort afnumin verður heimild stjórnarinnar til að greiða niður dýrtíðina. Ef það verður hlýtur stjórnin að láta til skarar skríða um burtför sína á næstunni. Með hvaða hætti, sem það verður.

#### Laugardagur 27. nóvember - mánudagur 29. nóvember:

Lá í rúminu með ótukt og leiðandum.

#### Priðjudagur 30. nóvember:

Var þunnur í morgun en skárri er á daginn leið.

Talaði við Vilhjálm Þór og bið hann að hafa veg Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og vanda af hátíðahöldum stjórnarinnar.

Björn Ólafsson segir mér, að flokkarnir þrír S. S. og Framsókn hafi samþykkt í kvöld að gefa út boðskap líklega á morgun um að Alþingi verði kvatt saman 10. janúar til þess að samþykkja lýðveldistjórnarskrána.

14 af hinum "270" senda skjal til Alþingis og flokkanna.

#### Miðvikudagur 1. desember:

Eg er heima ekki vel fyrir kallaður - ótukt í mér enn - og dreg mig því undan þeirri skyldu að vera til staðar í Alþingishúsinu við móttöku. Vilhjálmur Þór var þar í fyrirsvari og hann hringdi til míni lokin kl. rúmlega 6 og sagði að allt hafi gengið vel. Veit ég að hann hefur leyst skörulega vandann af höndum.

Egsímaði áður til ríkisstjóra og þakkaði honum ræðuna. Hann þakkaði upphringinguna og sagði: "Pú dregur þig í hlé." Þetta virtist mér vera aðröttun um "skróp". En það er misskilningur hans. Hann um það, ef hann hefur vænt mig um að skrópa.

Pétur Benediktsson færist enn undan að fara til Moskva. Þetta er gert berlega stjórninni til bölvunar og í samráði við bróðurinn heima en við skulum sjá til hver skjöldinn ber.

Einar Arnórsson talaði ekki eins vel og æskilegt hefði verið. Óparfi að vísa til skoðunar Péturs Benediktssonar. Ólafur Lárusson talaði kröftuglega og Gísli Sveinsson eins og búast mátti við.

Fimmtudagur 2. desember:

Er enn með ótukt og fer ekki út.

Vilhjálmur Þór hringdi til míni í morgun og sagði mér frá veizlunni í ráðherrahúsinu og fór þar allt fram með prýði. Ennfremur sagði hann, að Sjálfstæðisflokkurinn krefðist fundar í utanríkismálanefnd út af utanríkisþjónustunni, fyrst kl. 5 í dag en hann neitaði, þá kl. 5 á morgun. Þeir heimtuðu þó ekki seinna en kl. 11. Eitthvað er um að vera.

Föstudagur 3. desember:

Var á fundi í utanríkismálanefnd út af mótmælum Péturs Benediktssonar að fara til Moskva. Ólafur Thors vildi láta biðja Pétur Benediktsson að koma heim og tala við hann áður en ríkisstjórnin setti honum úrslitakosti. Æg innti að því, að svo virtist sem það mundi þýða burtför Péturs úr utanríkisþjónustunni ef ríkisstjórnin héldi fast við ósk sína. Við hefðum fáum mönnum á að skipa og þyrfti því að athuga málið nákvæmlega. En burtför manns úr þjónustunni undir svona kringumstæðum gæfi hinsvegar íhugunarvert fordæmi. Málinu frestað. - Málið er bæði stjórnpólitískt mikilvægt og fjölskyldupólitískt mál Sjálfstæðisflokkusins. Ansi huggulegt upp á framtíðar stjórnarfara að stjórn verði að beygja sig ef hrófla á við einhverjum þægindum þessara herra.

Jónas Jónsson talaði einslega við mig um stjórnina og sagði ég honum, að ef stjórnin yrði swift heimildinni til lækkunar dýrtíðinni, þá yrði annaðhvort ný stjórn að taka við eða þing yrði rofið.  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardagur 4. desember:

Framhaldsfundur í utanríkismálaneftnd um sendingu Péturs Benediktssonar. Málið sótt fast af Sjálfstæðiskönnunum. Tillaga þeirra um að hann komi heim til ráðagerða áður en skipun hans væri gefin út var samþykkt við atkvæðagreiðslu. Svoog önnur tillaga frá Einari Olgeirssyni. Magnús Jónsson og Jóhann Jósefsson virðast ~~hūn~~ pó vera viðmælanlegir.

Ólafur Thors varð einn eftir inni er hinir voru farnir og var áreiðanlega talsvert "ryk" í honum. Talaði hann um eitt og annað við okkur þrjá, Vilhjálm Þór, Björn Ólafsson og mig. Sagði hann of langt farið í frumvarpinu um olíugeymana og mundi stjórnin verða að draga inn seglin. Hann sagðist vera öldungis sammála stjórninni um efni málsins en hún yrði að líkendum að heykjast á málínú. Þá sagðist hann virða mig mikils sem mann og forsætisráðherra? Aftur lýsti hann engri ást á Vilhjálmi Þór en sagði að Björn Ólafsson hefði komið sér í ráðherrasæti 1939.

Sunnudagur 5. desember:

Er byrjaður að hugsa um ræðu, sem ég verð að halda á gamlárskvöld í útvarp. Á ósköp bágð með að koma fyrir mig hvað segja skal þá, sem veigur er í.

Vilhjálmur Þór símaði til ~~mín~~ hljóðan símskeytis, sem hann er að hugsa um að senda Pétri Benediktssyni og ætlar að halda fund með okkur öllum um skeyttið á morgun.

Mánudagur 6. desember:

Einar Arnórsson sagði við mig, að eina úrræðið til þess að sameina hugi manna í lýðveldismálínunni vera, að stjórnin beri upp á Alþingi og fái samþykkta ályktun um að fara þess á leit við konung, að hann afsali sér völdum. Ég held, að þetta kunni að vera rétt, og er ekki mótfallinn að bera slíka tillögu fram, ef ráðlegt þykir eftir nánari athugun.

A ráðherrafundi samþykkt að senda skeyti til Péturs Benediktssonar.

Kom á þing, en allt finnst mér þetta ástand þar leiðinlegt. Getur verið að við lendum á flæðiskeri, félagarnir, og með verðbólguna svellandi umhverfis.

Priðjudagur 7. desember:

Fundur með ráðherrunum um viðhorfið vegna óviss-  
~~gerix~~  
unnar um hvað þingið gerði í dýrtíðarmálunum. Ein og önnur uppástunga bar á góma en engu ráðið til lykta.

Miðvikudagur 8. desember:

Priðja umræða fjárlaganna. Útbýtt frumvarpi, sem kom frá stjórninni um 15% skattauka og 2% viðskiftagjald til notkunar vegna dýrtíðarráðstafana. Þetta er óskemmtilegt frumvarp og verður harðlega andæft á þingi af Sósialistum og Alþýðuflokknum og skal hér engu spáð um afdrif þess. Fjárlögin með um 100 milj. kr. útgjöldum en samt er þar enginn póstur, sem verja á til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Þingið rændi frá stjórninni verðhækjuninni á áfengi og tóbaki.

Við erum allir sammála um það, að ekki geti komið til mála að rjúfa þing vegna þess að sjálfstæðismálið stendur fyrir dyrum. Ef aftur á móti núverandi stjórn endist aldur þar til eftir 17. júní 1944, getur verið ~~þ~~ rík ástæða til þingrofs þá, því að lítt forsvaranlegt er, að láta núverandi þing búa til fjárlög í næsta sinn.

Fimmtudagur 9. desember:

Skattafrumvarp stjórnarinnar til umræðu í Neðri deild. Vinstri flokkarnir hömuðust gegn því. Sjálfstæðisflokkurinn þagði. Framsókn með. Hvað kemur út úr þessu er óvist. Kannske verða engar fjárheimildir en veittar handa stjórninni. Þess óska þeir helzt, ~~þ~~ við sjáum til.

Föstudagur 10. desember:

Sagði nafna að fara bæri varlega með % frumvarpið vegna dýrtíðarráðstafananna. Hann var ansi stæltur en ég sagði honum einnig, að Einar Arnórsson væri gramur vegna þess, að frumvarpið hafi ekki verið undir hann borð. En um það var getið í návist hans, en hann ekki veitt því athygli.

Laugardagur 11. desember:

Nú virðist allt upp í loft á þinginu um skattalög, fjárlög og verðuppbætur á útflutningsafurðir bænda. Frumvarp stjórnarinnar um tekjuöflun virðist dauðadæmt. Stjórnin stendur þá uppi án allra gagna. Stjórnin getur Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki hótað pingrofi og hvað skal þá til varnar verða ?

Sunnudagur 12. desember:

Setið heima og í stjórnarráði. Hugsað um ræðu mína á gamlárskvöld. Hvað verður efni hennar? Baks stjórnarinnar við dýrtíðina? Samstarfið við pingið í því máli og verður það aðalinnihaldið? Eitthvað verður að segja um nánustu framtíð. Allt er nú á hverfanda hveli, og veit ég ekki hvað morgundagurinn eða næstu dagar hafa að færa. Ekkert skemmtilegt.

Mánudagur 13. desember:

Fjárlögin afgreidd. Samþykkt uppbót til bænda á útflutningsafurðir með 27 : 21 atkvæði. Parna komu á tólfstu stund fram í dagsljósið þeir "28" undirskrifendur, sem "spauguðu" í sölum Alþingis í allt haust. Óvissa enn um heimild handa stjórninni til dýrtíðaráðstafana. Frumvarp Brynjólfss Bjarnasonar var nú tekið út af dagskrá í Neðri deild einu sinni enn eftir að ég hafði svarað fyrirspurn Einars Olgeirssonar á þessa leið: "Ég held að stjórnin kjósi að blanda sér ekki neitt í petta mál, en leggja það alveg á vald háttvirtrar deildar." Jakob Möller óskaði málid af dagskrá eða atkvæðagreiðslu frestað. Er þar að finna bilbug á Sjálfstæðinu í málinu.

Priðjudagur 14. desember:

Lokaður fundur á Alþingi um olíumálin. Umræður ekki miklar, þar sem flokkarnir áttu eftir að taka Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afstöðu til málsins.

Talaði við ríkisstjóra um starfsreglur fyrir ríkisráðið, sem hann hefur lengi borið fyrir brjósti, og mun nú verða gefin út tilskipun um þetta efni.

Enn óvist hvenær heppilegt er að slíta pingi. Liklegast bestt að sæta lagi, þar sem stjórnina skortir enn heimild til verðbólguðunum á næsta ári.

#### Miðvikudagur 15. desember:

Samþykkt á ráðherrafundi, að stjórnin gengi að þingsályktun, sem heimilaði henni fé til þess að hefta verðbólguna þar til Alþingi gerði aðra ályktun. Er nú ~~mið~~ eftir að vita hvort Sjálfstæðið og Framsókn gengur inn á þetta. Ef ekki, verður þinginu ekki slitið og vissir skattar ganga fram. Við höfum parna dálitla svipu og megum ekki af þessu keyri missa.

#### Fimmtudagur 16. desember:

Ársafmæli stjórnarinnar. Ríkisráð á Bessastöðum. Þar tekin mynd af ráðinu.

Samþykkt í sameinuðu Alþingi að heimila stjórninni fé til niðurgreiðslu afurða innanlands. Þar með hefur stjórnin haft sitt fram. Pingslit verða á morgun kl. 2 1/2.

Ríkisstjóri þakkaði í lok ríkisráðsfundarins stjórninni fyrir störf hennar. Eg þakkaði ríkisstjóra góða samvinnu hans og stjórnarinnar. Vissulega hefði stjórnin í upphafi tekið við störfum með nokkuð tvíráðum hug, en nú hefði þó um eins árs skeið, allt

slampast af, þó ekki hefðu vonir og áform rætzt nema að litlu leyti.

Föstudagur 17. desember:

Pingslit. Engir merkir viðburðir að því er ég veit. Verð ~~mið~~ nú að snúa mér að því að koma saman ræðu minni á gamlárskvöld.

Laugardagur 18. desember:

Sáralítið aðhafst. Talaði við Einar Arnórsson um prentun tilskipunar um starfsreglur ríkisráðs. Páll Hermannsson hringdi til míni í ~~hundru~~ kveðju skyni. Hafi hann þökk fyrir. Samdi uppkast að bréfi.

Sunnudagur 19. desember:

Allt í molum með ræðusamningu mína. Það er svo erfitt að fá í sig nokkra lyfting. En vara verður við lausbeizlaðri verðbólgu og fjármálaráðleysu.

Mánudagur 20. desember:

Pétur Benediktsson sendiherra kom á fund stjórnarinnar út af skipun hans um að fara til Moskva. Ég hélt svolítinn ræðustúf um mitt sjónarmið og stjórnarinnar. Hann lætur ekki segjast. Hann virðist ekki vera taugastyrkur, næstum sjúklega stífsinna og ærið "selvbevist". Ég veit ekki fyrir víst hvernig þessu lýkur.

Priðjudagur 21. desember:

í morgun með Jóni Blöndal og félögum hans í tryggingarmálanefndinni, sem Jóhann Sæmundsson hafði skipað.

Ég vil láta þá halda áfram með nokkrum hætti, en félagar mínir eru þess lítt fýsandi.

Sr. Ásmundur Guðmundsson kom með skjal undirritað af 31 þingmanni um dýrtíðaruppbót á 2000 króna launaviðauka prestanna. Ég tók ekki vel undir þetta. Kvað kynlegt að safna undirskriftum þingmanna utanþings meðan þing sæti og láta skjalið ekki koma fram í dagsljósið fyrr en eftir þingslit. Ég neitaði að verða við þessum tilmálum á þessu stigi enda væri skammt til næsta þings. Gera ætti ályktanir á þingi um svona mál fyrir opnum tjöldum. - Þá kom og fram áskorun fífá biskupi um verðlagsuppbót á 1000 króna aukaeftirlaun sr. Einars Thorlacius. Ég kvaðst þurfa að kynna mér grundvöll þessarar launaviðbótar og hvernig á henni stæði og synjaði samþykkis í bráð.

#### Miðvikudagur 22. desember:

Talaði við ríkisstjóra um ýmsa hluti, sem koma til framkvæmda á næsta ári. Hann mælti með því, að stjórnin hefði tilbúið fyrir þing frumvarp til stjórnskipunarlagar. Hætt væri við, að það færi annars í handaskolum hjá stjórnarskrárnefnd og þingmönnum. Hann ympaði á þjóðfundi og bað mig að tala við collegana um það. Ég nefndi við hann, að mér væri geðfelldastur fimmtudagur í ll. viku sumars sem gildistökudagur hinnar nýju stjórnarskrár. - Hann talaði um að nauðsyn bæri til, að reisa viðbótar sal á Bessastöðum fyrir móttökur og viðhafnar tækifæri.

Einkaskjalasafn dr. Juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég var því alveg samþykkur. Þá snérist talið að því, með hverjum hætti bezt yrði unnið að því að undirbúa það, að lýðveldið yrði viðurkennt af útlendum þjóðhöfðingjum á sínum tíma. Okkur kom saman um, að fara yrði með varkárni.

Fimmtudagur 23. desember:

Ég sagði Vilhjálmi Þór frá samtali mínu við ríkisstjóra í einstökum atriðum. Síðan ræddum við allir um hvort stjórnin ætti að semja sérstakt stjórnarskrárfrumvarp og um þjóðfund til að kjósa forseta og ef til vill til þess að setja ákvæði um stöðu hans og vald. Við félumst á þá athugasemd Einars Arnórssonar, að hæpið væri að tími ynnist til að undirbúa þjóðfund til þessara aðgerða. Þá minntist ég á, að nauðsyn bæri til að koma í framkvæmd hið fyrsta og tök væru á viðbótarbyggingu á Bessastöðum.

Föstudagur/24. desember: / aðfangadagur

Pétur Benediktsson hefur samþykkt að fara til Moskva, þótt hann fallist ekki að öðru leyti á skoðun stjórnarinnar, segir hann. Það skiftir ekki máli, en heillavænlegast fyrir hann að hafa látið undan.

Jóladagur 25. desember:

Las leiðinlega bók, sem ég mun kasta út úr mínu húsi.

Annar jóladagur 26. desember:

Hugaði að ræðu minni 31. þ.m.

Mánudagur 27. desember:

Ráðherrafundur. Rætt um stjórnarskrárfrumvarpið.  
Viðbótarbygging á Bessastöðum. Samkomudag Alþingis.

Priðjudagur 28. desember:

Ýmisleg afgreiðslustörf.

Miðvikudagur 29. desember:

Talaði við ríkisstjóra í morgun og bað hann líta yfir ræðu mína, sem ég hafði skrifað. Hann hringdi síðan og sagði sér líkaði hún vel. Hann talaði síðan um sömu mál og um daginn. - Collegar hafa nú lesið ræðu mína. Björn Ólafsson sagði að tónninn í henni væri að sínu skapi. Einar Arnórsson benti mér á tvær eða þrjár setningar, sem mætti orða svolítið öðruvísí og gat ég samþykkt það, og mun breyta þeim á þann veg. - Ríkisstjóri minntist í síma á sömu mál og um daginn. Sagði ég honum að ég og collegar hefðum hugsað um þau efni.

Fimmtudagur 30. desember:

Ríkisráð í morgun. Þar á eftir talað um ýmsa hluti. Einn ráðherrann var ekki í sem ~~beztu~~ skapi, en það líður frá aftur.

Föstudagur 31. desember:

Fundur í utanríkismálanefnd og Pétur Benedikts-son sendiherra á fundinum. Ég árnaði honum heilla á hinum nýja vettvangi með nokkrum orðum og virtist mér hann ánægður með það og falla orð míن vel í geð.

Gamlárvkvöld: Ég hélt ræðu mína í útvarpið og stóð hún röskan hálftíma. Ég held hún hafi tekist vel.

Útvarpsstjóri Jónas Þorbergsson taldi hana bæði skörulega og góða. Þórður sonur minn segir, að hún sé góð. Geir Sigurðsson hringdi til míni og taldi hana orð í tíma talað, og þakkaði hana. Aðra hefi ég ekki heyrt enn, en mun heyra eitthvað um hana á morgun.

Árið er á enda. Allt hið opinbera starf mitt á hinu liðna ári finnst mér hafa verið "mæða og erfiði". Fáar vonir rætzt. Skaplega hefur það þó farið með mig. Ég hef kynnst sumu ágætu fólki, og samstarfið við félagana hefir í reyndinni yfirleitt verið hið ánægjulegasta. Hinir nýju vinir míni og samverkamenn, Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór, sem báðir eru afburðasnjallir menn en þó næsta ólíkir að skapgerð, hafa reynst mér hinir mestu drengskaparmenn. Þegar á allt er litið má ég óska þess, að hið komandi ár verði mér jafn hagstætt, sem hið liðna. Res domesticæ falla hér utan við, og ganga svo sem efni standa til, innanlands og utan.